

- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

2. tbl. - 2013

- LÖGREGLU -
MAÐURINN
2. tölublað - 29. árgangur 2013 - 77 blað



Ritstjóri og
Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Prófförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd: Tekin á námskeiði og starfsleyfisúttekt fíkniefnaleitarhunda og hundaþjálfara lögreglu og tollgæslu.
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:
Júlíus Sigurjónsson
Ágúst Bogason

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna

ll@logreglumenn.is
www.logreglumenn.is




Efnisyfirlit...







Lífeyrismál A- og B deild 4
Erlendar fréttir 8
Sumarferð 11
Stytting vinnutíma 12
Er mennt máttur? 15
Íþróttir 25

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.



# Kjarasamningar – *skipulagsbreytingar o.fl.*



Enn og aftur er komin sú stund að fara í gerð kjarasamninga. Kjarasamningaviðræður áttu sér stað kortéri eftir hrunið árið 2008. Aftur árið 2009. Enn og aftur árið 2010 og nú síðast árið 2011. Árin 2010 og 2011 lauk kjarasamningagerð lögreglumanna með úrskurðum gerðardóms eftir að lögreglumenn höfðu verið samningslausir svo mánuðum skipti. Það var svo sem ekki í fyrsta sinn sem lögreglumenn hafa verið kjarasamningslausir svo mánuðum skipti en það sýnir yfirferð yfir kjarasamningssögu lögreglumanna allt aftur til ársins 1986, þegar lögreglumenn afsöluðu sér verkfallsrétti sínum í skiptum fyrir svokallaða kauptryggingu árið 1986. Afsal sem í raun átti sér stað undir yfirlýsingum þáverandi ríkisstjórnar um að verkfallsrétturinn yrði tekinn af lögreglumönnum hvað sem tautaði og raulaði í þeim efnum. Eflaust hafa stjórnvöld horft til verkfalls opinberra starfsmanna sem átti sér stað seinnipart ársins 1984 þegar ákvarðanir voru teknar um það á stjórnarheimilinu að það gengi ekki að lögreglumenn hefðu slíkar heimildir í „vopnabúri“ sínu þegar kæmi að gerð kjarasamninga. Það fylgir nefnilega verkfallsheimildinni ýmislegt annað en það að fara beint í verkfall t.d. boðun yfirvinnubanns svo eitthvað sé nefnt. Það eitt að boða til yfirvinnubanns innan lögreglunnar, til að knýja á um gerð kjarasamninga, hefði verulega lamandi áhrif á störf lögreglunnar um allt land, myndi lama millilandaflug, afgreiðslu skemmtiferðaskipa hingað til lands o.fl. Um efndir kauptryggingarákvæðisins eru ekki allir á sama máli en sú saga verður ekki rakin frekar hér enda hægt að kynna sér hana sérstaklega á vef Alþingis. Árið 2001 gerðist það síðan að kauptryggingarákvæðið fór út úr samningnum fyrir afar innihaldslítið fylgiskjal sem kveður á um gerðardómsleiðina sem lögreglumenn fóru árin 2010 og 2011.

Lögreglumenn hafa, í mörg undanfarin ár og reyndar áratugi, eða allt frá því að verkfallsrétturinn var afnuminn, þurft að láta sér það lynda að sitja á kantinum, með bros á vör, og vonast til þess að ríkisvaldinu þóknist að ganga frá kjarasamningum við þá. Það sem kom í stað verkfallsréttarins hvarf svo bótalítið eða -laust út úr samningnum árið 2001, eins og áður sagði en þess í stað kom loðinn og teygjanlegur texti í fylgiskjali sem ríkisvaldið hefur leyft sér að fara með algerlega á sinn hátt án tillits til krafa lögreglumanna um vinnslu ákveðinna launaupplýsinga.

Verkfallsréttinum var lofað aftur, fögrum orðum, af fyrrverandi fjármálaráðherra, sem nú reyndar er kominn í stjórnarandstöðu enn á ný og hættur sem formaður þess flokks sem hann áður stýrði, en enn bólar ekkert á verkfallsrétti lögreglumanna.

Einhverjir lögreglumenn hafa horft hýru auga til þess að komast til ákvörðunar með laun sín undir kjararáð en af úrskurðum ráðsins, vegna launa ýmissa hærri settra ríkisstarfsmanna, er ljóst að af slíku getur ekki orðið nema að undangengnum talsverðum lagabreytingum. Þessi leið var ítarlega skoðuð af Landssambandi lögreglumanna fyrir einhverjum árum síðan en niðurstaðan eftir þá skoðun, sem og sú staðreynd að kjararáð myndi – að öllu óbreyttu – ekki úrskurða um laun lögreglumanna, var að sú leið var ekki talin vænleg til mikils árangur í launamálum lögreglumanna. Það er í raun ekkert sem breyst hefur í þessu umhverfi frá því að könnun LL var gerð á sínum tíma annað en kannski það jú að ljóst er að kjararáð hefur, a.m.k. einu sinni, lækkað laun þeirra sem undir það heyra verulega!

Það að geta samið um kaup sitt og kjör flokkast sem grundvallarmannréttindi launþega! Það að fela einhverjum „óvilhöllum“ einstaklingum, nefndum eða ráðum að ráðskast með launakjör launþega felur því í raun í sér afsal mannréttinda.

Það verður fróðlegt að fylgjast með þeirri vinnu sem nú fer í hönd bæði á hinum almenna sem og hinum opinbera vinnumarkaði því undanfarna mánuði hefur verið í gangi talsverð vinna, sem BSRB hrinti af stokkunum, í þá veru að bæta umgjörð og vinnu við gerð kjarasamninga. Vinna sem fyrst og fremst lýtur að því að tryggja það að kjarasamningur taki við af kjarasamningi þ.a. að launagreiðandinn græði ekki á því fjárhagslega að draga úr hófi fram að gera nýjan kjarasamning við þá sem hjá honum taka laun, líkt og ítrekað hefur gerst með lögreglumenn. Það er vonandi að þessi vinna skili tilætluðum árangri á komandi vetri.

Lögreglumönnum hefur fækkað gríðarlega mikið á undanförnum árum líkt og fram kom í skýrslu Ögmundar Jónassonar, fyrrverandi innanríkisráðherra, sem hann kynnti fyrir Alþingi í desember 2012. Sömuleiðis hafa fjárveitingar til reksturs lögreglu í landinu verið skornar niður svo skiptir hundruðum já og reyndar milljörðum króna á ársgrundvelli. Þetta tvennt þýðir bara eitt – gríðarlegt álag, reyndar svo mikið álag á þá lögreglumenn sem enn eru í starfi að hægt er að kalla það ómanneskjulegt! Slíkt álag til lengri eða skemmri tíma skilar engu til launagreiðandans öðru en starfsleiða, auknum veikindum bæði líkamlegum og andlegum auk fleiri neikvæðra áhrifa s.s. sést hefur á umfjöllun um málefni Landspítala háskólasjúkrahúss undanfarnar vikur.

Ofan í allt þetta hafa lögreglumenn þurft að takast á við endalausar skipulagsbreytingar, sem enn sér ekki fyrir endann á. Skipulagsbreytingar sem sagt hefur verið að eigi að skila sér í aukinni sýnilegri löggæslu og fleiri slíkum fögrum frösum og fallegum orðum.

Það væri fróðlegt að sjá Ríkisendurskoðun taka sér það verkefni í hönd að gera úttekt á öllum þeim skipulagsbreytingum sem farið hefur verið í á lögreglunni í landinu og hvort þær hafi skilað þeim árangri að var stefnt.

Christer Spjut, fyrrverandi stjórnarmaður í landssambandi sænskra lögreglumanna komst nokkuð vel að orði í 5. tbl. fagblaðs sænska landssambandsins þegar hann skrifaði grein um skipulagsbreytingar í sænsku lögreglunni undir heitinu „Hættið að skrifa falleg orð“.

**Snorri Magnússon**
**formaður LL**

Aðalskoðun
Akraneskaupstaður
UNDER ARMOUR.
AÞ-ÞRIF
899 9900

# Áfram unnið að lausnum í lífeyrismálum




*Á undanförnum árum hafa stjórnvöld forðast að taka á þeim vanda sem uppi er varðandi lífeyrismál opinberra starfsmanna. Heildarsamtök opinberra starfsmanna vinna þó áfram af fullum hug að því að leysa vandann ásamt stjórnvöldum þótt ríkið hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart opinberu lífeyrissjóðunum. Hér er farið yfir stöðu mála í lífeyrismálunum.*

Í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gerður var í júní 2009 sameinuðust aðilar sáttmálans um ákveðin markmið. Markmiðin þjóna þeim tilgangi að vinna þjóðina úr þeim vanda sem varð við efnahagshrunið 2008. Meðal þeirra atriða sem samið var um var málefni lífeyrissjóða í 9. gr. sáttmálans. Þar segir m.a. að ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Farið verður yfir málin frá grunni án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflokki.

### *Ekki verði hróflað við áunnum réttindum*

Við kjarasamningsgerð 2011 lýstu fulltrúar ríkisstjórnar því yfir í bréfi til BSRB að ríkisstjórninni væri ljóst að skuldbindingar ríkisins vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafi ekki verið fjármagnaðar þannig að deildin geti staðið að fullu undir framtíðarskuldbindingum sínum. Óhjákvæmilegt sé að brugðist verði við með raunhæfum hætti vegna umræddra skuldbindinga og áfram unnið að greina þær leiðir sem færar eru í því tilliti.

Þá var ítrekað fyrirheit fjármálaráðherra um að ekki verði hróflað við áunnum réttindum opinberra starfsmanna í LSR og að allar breytingar á lífeyrismálum verði unnar í fullu samráði við samtök þeirra. Ríkisstjórnin tók einnig undir afstöðu BSRB um að lífeyrisréttindi eru mikilvægur hluti af kjörum opinberra starfsmanna. Ef komi til samræmingar á lífeyrisréttindum á opinberum og almennum vinnumarkaði er óhjákvæmilegt að endurmeta starfskjör opinberra starfsmanna. Stjórnvöld eru reiðubúin til að hefja það samráð þannig að ráðrúm gefist til að skilgreina sameiginleg úrlausnarefni og hvernig þau verði leyst vel og tímanlega.

### *Starfshópar um málefni LSR og LSS*

Í kjölfarið voru skipaðir nokkrir starfshópar fulltrúa frá opinberum starfsmönnum og ríkinu. Vinna þeirra fer fram samhliða vinnu að samræmingu lífeyrisréttinda á vettvangi þeirra nefndar sem fæst við það verkefni og BSRB á aðild að.

Hóparnir sem skipaðir hafa verið í kjölfarið vegna viðræðna fjármála- og efnahagsráðherra og heildarsamtaka launafólks á opinberum vinnumarkaði um málefni LSR og LSS eru fjórir.

Fyrsti hópurinn hefur það hlutverk að skoða B-deild sérstaklega. Hópurinn gerir ekki ráð fyrir breytingum á B-deild LSR þótt samið verði um breytt framtíðarkerfi, enda hefur deildin verið lokuð frá árinu 1997. Hún telur brýnt að gerð verði áætlun um það með hvaða hætti skuldbindingum ríkisins vegna B-deildar verði mætt.

Annar hópurinn hefur það hlutverk að útfæra hvernig nýtt lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn verður tekið upp hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. Hópurinn skal setja fram tillögur um hvernig sú aðlögun á sér stað. Líkt og við breytingu lífeyriskerfisins árið 1997 þarf að tryggja að réttindi sjóðfélaga verði sambærileg, hvort sem þeir tilheyra gamla eða nýja kerfinu.

A
B

Þriðji hópurinn fer helst með það hlutverk að útbúa verklýsingu fyrir Hagstofuna eða annan óvilhallan aðila sem fenginn verður til að annast launasamanburðinn og setja fram tillögur um hvernig launaleiðréttingin á sér stað í nútíð og framtíð samkvæmt breyttu lífeyriskerfi. Aðilar hópsins eru sammála um að ef lífeyriskjör í nýju kerfi verði verðminni en áður þurfi að mæta slíkum mun í launum. Jöfnun lífeyrisréttinda kallar líka á að laun opinberra starfsmanna verði jöfnuð á við laun á almennum vinnumarkaði. Margar starfsstéttir eru nánast eingöngu í þjónustu hins opinbera og því þarf að meta hvaða forsendur eigi að liggja til grundvallar við launasamanburð milli markaða.

Fjórða hópnum er ætlað að annast útfærslu á nýju kerfi og þar með meta hvaða breytingar þurfi að gera á umgjörð og lögum sem nú gilda um LSR. Hópurinn á að taka mið af niðurstöðum hópa tvö og þrjú.

### *Samræming lífeyrisréttinda*

Helstu tillögur að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði eru eftirfarandi. Hækkun iðgjalda á almennum vinnumarkaði til samræmingar iðgjalda á opinberum vinnumarkaði. Að opinberu sjóðirnir taki upp aldurstengt ávinnslukerfi í stað jafnrar réttindaávinnslu, enda er sambærileg réttindaávinnsla forsenda eðlilegs flæðis starfsfólks milli vinnumarkaða. Sömuleiðis verði lífeyrisaldur opinberra starfsmanna hækkaður úr 65 árum í 67 ár til samræmis við lífeyrisaldur annarra á vinnumarkaði. Þar sem lífslíkur munu halda áfram að aukast næstu áratugina þarf að tryggja að kerfið leiðrétti sig sjálft og lífeyrisaldur taki breytingum í samræmi við breyttar lífslíkur.

### *Ríkisvaldið hefur ekki greitt sem því ber inn í B- deild*

*Í ársbyrjun 1997 tóku gildi breytingar á lögum LSR og sjóðnum var skipt í tvær deildir, A- og B-deild en áður virkaði sjóðurinn nánast sem gegnumstreymissjóður. Með gegnumstreymissjóði er átt við að lífeyrisþegum er greiddur beint út lífeyrir af samtímatekjum þeirra sem eru vinnandi.*
*Áhvíldum skuldbindingum sjóðsins var komið fyrir í B-deild og henni lokað fyrir nýjum félögum.*

*Ríkisvaldið hefur hins vegar ekki greitt það sem því ber inn í B-deildina og því hefur safnast þar upp skuld. Það var val launagreiðandans, ríkisvaldsins, að nota það fé í önnur verkefni; um það höfðu opinberir starfsmenn ekkert að segja. Mikilvægt er að hafa í huga að B-deildin á fyrir skuldbindingum sínum til áranna 2023-2025. Hefjist reglulegar innágreiðslur nú þegar, er um að ræða 7-8 milljarða króna á ári þar til sjóðurinn hefur verið gerður upp.*



## A-deild

*var stofnuð við breytingarnar 1997. Þangað greiða nýir sjóðfélagar, 16 ára og eldri, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og starfa hjá ríki, sveitarfélögum, hjá skyldum eða sambærilegum launagreiðendum. A-deildin er stigasjóður sem byggir á fullri sjóðsöfnun.*

## B-deild

*er eldra réttindakerfi LSR og var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í árslok 1996. Sjóðfélagar sem greiddu til B-deildar í árslok 1996 áttu áfram rétt til aðildar. Þeir, sem kusu að flytja sig yfir í A-deild, eiga áfram geymd réttindi í B-deild sem er að mestu gegnumstreymissjóður en byggir að hluta til á sjóðsöfnun.*

VÍNBÚÐIN
Brasserie ASKUR
SINCE 1966
SUÐURLANDSBRAUT 4
BÓNUS

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

**Reykjavík**

A. Margeirsson ehf,
Flúðaseli 48
Actionpages Media ehf,
Skúlatúni 2
ALTEX ehf,
Kringlunni 7
Arev verðbréfafyrirtæki hf,
Bankastræti 5
Arkitektastofa Grétars og
Stefáns,
Eyjarslóð 9
Asía ehf,veitingahús,
Laugavegi 10
Atorka ehf verktakar og
vélaleiga,
Vættaborgum 117
Atvinnuhús ehf,
Hverfisgötu 4
Augað gleraugnaverslun,
Kringlunni 8-12
Auglýsingastofan
ENNEMM,
Brautarholti 10
Austri ehf,
Gilsárstekk 5
Austur-Indíafélagið ehf,
Hverfisgötu 56
ÁH lögmenn ehf,
Vættaborgum 144
ÁH lögmenn slf,
Vættaborgum 144
Áman ehf,
Háteigsvegi 1
ÁM-ferðir ehf,
Gaukshólum 2
Árni Reynisson ehf,
Skipholti 50d
B.Árnason,
byggingaþjónusta ehf,
Breiðagerði 21
B.K.flutningar ehf,
Krosshömrum 2
Bakkus ehf,
Héðinsgötu 1
Benedikt B. Ægisson
tannlæknir,
Síðumúla 25
Berserkir ehf,
Heiðargerði 16
Bezt á lambið
-www.bestalambid.is,
Bifreiðastillingar Nicolai,
Faxafeni 12
Bílaborg.is,
Smiðshöfða 17
Bílamálun Sigursveins
Sigurðssonar,
Hyrjarhöfða 4
Bílasala Guðfinns,
Stórhöfða 15
Bílasmiðurinn hf,
Bíldshöfða 16
Bílastillingar Björns
Steffensen,
Hamarshöfða 6
Bílfang ehf,
Malarhöfða 2
Bjarnar ehf,
Borgartúni 30
Björgun ehf,
Sævarhöfða 33
Blaðamannafélag
Íslands,
Síðumúla 23
Blikksmiðjan Glófaxi hf,
Ármúla 42
Blómabúðin Hlíðablóm,
Háaleitisbraut 68
Blómastofa Friðfinns ehf,
Síðumúla 20
Bonafide lögmenn
ráðgjöf sf,
Klapparstíg 25-27
Boozt bar,
Borgartúni 39
Bókhaldsþjónusta
Júlíönu ehf,
Hávallagötu 40
Bólstrarinn ehf,
Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf,
Bergstaðastræti 2
Breiðan ehf,
Markarvegi 6
Breyting ehf,
Bíldshöfða 14
BSRB,
Grettisgötu 89
Búseti hsf,
Síðumúla 10
Byggingarfélag Gylfa
og Gunnars ehf,
Borgartúni 31
City Taxi,
Hafnarstræti 17b
Curvy,
tískuverslun,
Nóatúni 17
Dale Carnegie,
þjálfun,
Ármúla 11
Danica sjávarafurðir ehf,
Suðurgötu 10
Dýraspítalinn Víðidal ehf,
Vatnsveituvegi 4
E. Ólafsson ehf,
Geirsgötu 9
E. Sigurjónsson
lögmannsstofa ehf,
Suðurlandsbraut 4
E.F. Ben ehf,
Kambsvegi 9
E.T. ehf,
Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag,
Sætúni 1
Eico ehf,
Skútuvogi 6
Eignamiðlunin ehf,
Síðumúla 21
Eik fasteignafélag hf,
Suðurlandsbraut 22
Eir ehf,
Bíldshöfða 16
Endurskoðun og
reikningsskil hf,
Stangarhyl 5
Fasteignakaup ehf,
Ármúla 15
Faxaflóahafnir sf,
Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Felgur smiðja ehf,
Axarhöfða 16
Ferð.is,
Suðurlandsbraut 2
Félagsbústaðir hf,
Hallveigarstíg 1
Fiskafurðir-umboðssala ehf,
Fiskislóð 5-9
Fjallamenn
-Mountaineers ehf,
Skútuvogi 12e
Fjárhagsþjónustan ehf,
Strýtuseli 14
Fótaaðgerðarstofa
Reykjavíkur ehf,
Háaleitisbraut 58
Frami,
félag leigubifreiðastjóra,
Fellsmúla 26
Framsóknarflokkurinn,
Hverfisgötu 33
Fylkir ehf,
Dugguvogi 4
Gagnaöryggi ehf,
Bæjarflöt 4
Gallabuxnabúðin
Kringlunni,
Kringlunni 4-12
Gallerí Fold,
Rauðarárstíg12-14
GÁ húsgögn ehf,
Ármúla 19
Geiri ehf,
umboðs- og heildverslun,
Bíldshöfða 16
Gjögur hf,
Kringlunni 7
Gleraugnaverslunin
Sjón ehf,
Laugavegi 62
Glerpró ehf,
www.glerpro.is,
Funahöfða 13
Grandakaffi ehf,
Grandagarði 101
Grant Thornton endur-
skoðun ehf,
Suðurlandsbraut 20
Grettir Guesthouse ehf.,
Laugavegi 28a
Guðmundur Arason ehf,
Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf,
Borgartúni 34
Guðrún Ólafsdóttir,
Kaldaseli 11
Gull- og silfursmiðjan
Erna ehf,
Skipholti 3
Gullsmiðurinn í Mjódd,
Álfabakka 14b
Gulldöldin ehf,
Hverafold 5
Gummi Valgeirs ehf,
Dalhúsum 61
Gústaf Þór Tryggvason hrl.,
Tjarnargötu 10d
Hafgæði sf,
Fiskislóð 47
Hagi ehf-Hilti,
Stórhöfða 37
Hagkaup,
Holtagörðum
Hamborgarabúllan
Bíldshöfða 18,
Handprjónasamband
Íslands svf,
Skólavörðustíg 19
Happdrætti Háskóla
Íslands,
Tjarnargötu 4
Harald og Sigurður ehf,
Stangarhyl 6
Hársnyrtistofa Dóra,
Langholtsvegi 128
Hereford Steikhús ehf,
Laugavegi 53b
Herrafataverslun Birgis ehf,
Fákafeni 11
Héraðsdómur Reykjavíkur,
Austurstræti 19
Hilmar D. Ólafsson ehf,
Langholtsvegi 13
Hitatækni ehf,
Langholtsvegi 109
Híbýli og skip ehf,
Ármúla 15
Hjá Dóra ehf,
matsala,
Þönglabakka 1
Hjá Guðjónó ehf,
Þverholti 13
Hjá Jóa Fel,
brauð og kökulist,
Kleppsvegi 150
Hjólbarðaverkstæði
Sigurjóns ehf,
Hátúni 2a
Hljóðfærahúsið ehf,
Síðumúla 20
Hornið veitingastaður,
Hafnarstræti 15
Hókus Pókus ehf,
Laugavegi 69
Hópferðabílar Snælands
Grímssonar ehf,
Langholtsvegi 115
Hótel Cabin ehf,
Borgartúni 32
Hótel Frón ehf,
Laugavegi 22a
Hótel Holt,
Bergstaðastræti 37
Hótel Hringhotels,
Laugavegi 7
Hótel Leifur Eiríksson ehf,
Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé hf,
Þórsgötu 1
Hótel Viðey ehf,
Snorrabraut 29
Hreinsibílar ehf,
Krókhálsi 16
Hreinsitækni ehf,
Stórhöfða 37
Hreyfill,
Fellsmúla 26
Hreysti ehf,
Skeifunni 19
HS pípulagnir ehf,
Hraunbæ 78
Humarhúsið,
Amtmannsstíg 1
Hús-inn ehf,
Bíldshöfða 14
Hvalaskoðun Reykjavík ehf,
Ægisgarði 5
Höfðakaffi ehf,
Vagnhöfða 11
IÐAN-Fræðslusetur ehf,
Þórunnartúni 2
Iðnó ehf,
Vonarstræti 3
Init ehf,
Grensásvegi 50
Íhlutir ehf,
Skipholti 7
Ísbúð Vesturbæjar ehf,
Ísfrost ehf,
Funahöfða 7
Íslandspóstur hf,
Stórhöfða 29
Íslenska Gámafélagið ehf,
Gufunesi
Íslenskir
fjallaleiðsögum ehf,
Stórhöfða 33
Ísmar ehf,
Síðumúla 28
Ísold ehf,
Nethyl 3-3a
Ísólfur Pálmarsson
-hljóðfæraumboð sf,
Bakkastíg 5
Ís-spor ehf,
Síðumúla 17






Kynnisferðir
SAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
40 ára
Landsvirkjun
DOKKAN
EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
EXTON
LJÓS / HLJÓÐ / MYND
FASTUS
FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is
Gamla Smiðjan
Frumherji
HÓTEL HALLORMSSTAÐUR
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400
Góa
Stofnað 1968
hagar
HB GRANDI
HÉÐINN
Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100
hedinn.is
Hópferðamiðstöðin Vestfravel
TREX
park inn by Radisson
ISLAND REYKJAVIK



*Anna Nellberg*

# Ástand löggæslumála *í Evrópu*

**Á þingi landssambands danskra lögreglumanna, sem haldið var í Álaborg dagana 29. – 31. maí s.l. tók „Dansk Politi“ – fagtímarit danska landssambandsins – viðtal við Önnu Nellberg (Svíþjóð) forseta EuroCOP (European Confederation of Police), sem birtist í nýjasta tbl. Dansk Politi. Viðtalið fer hér á eftir:**

„Í kjölfar efnahagskreppunnar hefur átt sér stað gríðarlegur niðurskurður fjárveitinga til lögreglu í Evrópu“.

Anna Nellberg, forseti EuroCOP, segir m.a. frá ástandinu á Spáni en þar hefur lögreglan ekki einu sinni efni á að kaupa inn pappír til skýrsluskrifa.

„Lögreglumenn þurfa sjálfir að kaupa þann búnað sem þeir þurfa til starfans og margir þeirra sofa í bílum sínum. Þeir hafa einfaldlega ekki ráð á að ferðast á milli heimilis og vinnu sinnar í kjölfar þess að fjárveitingar til slíks hafa verið skornar í burtu. Eldsneyti er dýrt og launin lág. Mín upplifun er sú að ástandið í löggæslumálum í Evrópu er að verða verra og verra og í versta falli mun ástandið vara í ein tíu ár í viðbót, áður en einhver viðsnúningur verður í þessum efnum.“



*Peter Ibsen*



*Claus Oxfeldt*



*Arne Johannessen*



*Sigve Bolstad*

# Formannaskipti í *Danmörku og Noregi*

**Nú nýverið hafa orðið formannaskipti hjá landssamböndum lögreglumanna bæði í Danmörku og Noregi.**

Í kjölfar þings norska landssambandsins ákvað Arne Johannessen, sem gegnt hefur formennsku landssambandsins s.l. tólf ár, að stíga til hliðar og eins og hann hefur sjálfur sagt til að fara að sinna fjölskyldu sinni og vinum meira en hann hefur getað gert undanfarin tólf ár. Í ítarlegu viðtali við Arne í nýjasta tbl. „Politi forum“ – fagtímariti norska landssambandsins kemur m.a. fram að formennska í stéttarfélagi lögreglumanna er í raun 24 tíma vinna allan ársins hring og eftir tólf ár í stól formanns sé kominn tími til að huga meira að fjölskyldunni. Þá kemur Arne inn á það í viðtalinu að hann hafi nákvæmlega ekkert álit á einstaklingum sem ekki þora að segja meiningu sína á fundum, en hafi svo allar heimsins meiningar og skoðanir fyrir og í kjölfar slíkra funda.

Nýr formaður norska landssambandsins er Sigve Bolstad, formaður svæðisdeildarinnar í Osló og fyrrverandi varaformaður norska landssambandsins.

Þá urðu einnig formannaskipti hjá danska landssambandinu á þingi þess dagana 29. – 31. maí s.l. en Peter Ibsen fráfarandi formaður hafði gefið það út fyrir þingið að hann myndi ekki bjóða sig fram aftur sem formann danska landssambandsins. Að grunni ákvörðunar Peter um að bjóða sig ekki áfram sem formaður lágu sömu forsendur og hjá Arne Johannessen formanni norska landssambandsins. Eftir níu ár sem formaður danska landssambandsins fannst Peter einfaldlega kominn tími til þess að hann færi að sinna fjölskyldu sinni og vinum betur en hann hafði getað gert á meðan hann var formaður landssambandsins.

Nýr formaður danska landssambandsins er Claus Oxfeldt, formaður svæðisdeildarinnar í Kaupmannahöfn og fyrrverandi stjórnarmaður í stjórn danska landssambandsins.

Landssamband lögreglumanna óskar nýjum formönnum landssambandanna í Danmörku og Noregi innilega til hamingju með ný hlutverk þeirra og hlakkar til jafn náins samstarfs við þá eins og forvera þeirra í starf.

# Lögreglumenn í Kenýa *mega stofna stéttarfélag*




*Mynd af bls. 8 í Politi Forum nr. 6, 2013*

**Í frétt í Politi Forum, fagtímariti Landssambands norskra lögreglumanna segir frá því að nú nýverið hafa kenýskir dómstólar úrskurðað að lögreglumenn í Kenýa megi stofna með sér stéttarfélag en hingað til hefur þeim verið það óheimilt.**

George Muchai, formaður COTU – heildarsamtök stéttarfélaga í Kenýa – þakkar sérstaklega Alþjóðavinnumálastofnuinni (ILO) sem og UNIO í Noregi (hliðstæð BSRB á Íslandi) áralangan stuðning við baráttu kenýskra lögreglumanna fyrir því að mega stofna stéttarfélag sín á milli. Í frétt í Politiforum kemur fram að Ingelin Killengren fyrrverandi ríkislögreglustjóri Noregs hafi átt stóran þátt í þessu ferli en hún hafi m.a. komið kenýskum lögregluyfirvöldum í skilning um það að hafa ein heildarsamtök í forsvari fyrir lögreglumenn einfaldaði mjög öll samskipti við lögreglumenn þar sem með því væri komið í veg fyrir allskyns misskilning sem og að kröfur lögreglumanna fyrir bættum kjörum og aðbúnaði yrðu samhæfðar í stað einstaklingskrafna.

Þá var Anders Folkestad, formaður UNIO í Noregi, einnig stór áhrifavaldur í þeirri ákvörðun kenýskra stjórnvalda og dómstóla að leyfa stofnun stéttarfélags lögreglumanna, með fræðslu um það umhverfi sem skapað hefur verið í kringum störf stéttarfélaga í Noregi.

# Úttekt á lögreglunni *í Noregi*




**Þann 19. júní s.l. afhenti nefnd, sem skipuð var af innanríkisráðherra Noregs þann 8. nóvember 2012, skýrslu sína um úttekt á lögreglunni í Noregi.**

Vinna nefndarinnar er tilkomin m.a. vegna þrýstings frá landssambandi norskra lögreglumanna sem og niðurstöðu nefndarinnar sem falið var að rannsaka tildrög og aðdraganda hryðjuverka Anders Behring Breivik í Noregi í júlí 2011 en eins og flestum er kunnugt um komu þar fram allmargir annmarkar á störfum og viðbúnaðarstigi lögreglunnar.

Meginniðurstaða norsku skýrslunnar er sú að stefnt skuli að fækkun lögregluembætta úr 27 í 6; útvista beri, til annarra, ýmsum verkefnum sem lögregla hefur á könnu sinni núna þar sem ekki sé um að ræða eiginleg löggæsluverkefni; fækka beri sýslumannsskrifstofum; efla beri sérhæfingu innan lögreglunnar, o.fl. í þeim dúr. Um þessar tillögur virðist vera nokkur eining innan norsku lögreglunnar þó vissulega séu á tillögum nefndarinnar margar skoðanir.

Í megindráttum koma fram í skýrslunni eftirfarandi tillögur um skipulagsbreytingar:




***Forsíða norsku skýrslunnar***

*„Lögregla framtíðarinnar verður að vera í stakk búin til að geta tekist á við alþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi sem og að veita góða þjónustu til almennings heima fyrir. Til að skapa forsendur fyrir (norsku – innsk. LL) lögregluna til að geta mætt þessum kröfum leggur nefndin til ráðist verði í tvenns konar umbætur; skipulagsbreytingar og gæðabreytingar.*

- *Skipulagsbreytingin hefur það að markmiði að skapa svigrúm í starfseminni til að sinna grunnþjónustuverkefnum lögreglu og skapa hæfa og sterka staðarlögreglu sem og sérhæfðari deildir bæði innan umdæma sem og á landsvísu. Skipulagsbreytingin inniheldur tillögur um verkefni og uppbyggingu (skipurit) lögreglu.*
- *Gæðabreytingin hefur það að markmiði að skapa lögreglu sem getur í sífellu bætt sig og þróað eftir því sem verkefni hvers tíma krefjast. Gæðabreytingin tekur til bættrar stjórnunar- og verkferla sem og til gæða og frammistöðu.“*

Áhugasamir um þetta efni geta nálgast skýrsluna á rafrænu formi hér: http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/nouer/2013/nou-2013-9.html?id=730815


HOTEL RANGÁ Luxury Resort & Dining
Hvalur hf.
ICELANDAIR CARGO ÞVÍ TÍMINN FLÝGUR
Íslandsbanki
ÍSTAK
K.C.-MÁLUN kcarter@internet.is GSM: 691-7979 Kristmundur Carter MÁLNING·SPARTSL·VEGGFÓÐUR·FLÍSALÖGN
KFC
KRÚSKA

## *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Íþróttabandalag
Reykjavíkur,
Engjavegi 6
Janusbúðin
- Ullarkistan ehf,
Laugavegi 25
Jóhannes Long ljósmyndari,
Ásholti 2
Jón Sigmundsson ehf,
skartgripaverslun,
Laugavegi 5
Jónatansson & Co lög-
fræðistofa ehf,
Suðurlandsbraut 6
K. H. G. Þjónustan ehf,
Eirhöfða 14
K. Pétursson ehf,
Kristnibraut 29
Kaffibarinn ehf,
Bergstaðastræti 1
Kaffivagninn ehf,
Grandagarði 10
Kemi ehf-www.kemi.is,
Tunguhálsi 10
Kemis-heildverslun ehf,
Breiðhöfða 15
Kiddi málari,
Bræðraborgarstíg 13
Kjöreign ehf,
fasteignasala,
Ármúla 21
Kjörgarður,
Laugavegi 59
Kjöthöllin ehf,
Skipholti 70 &
Háaleitisbraut 58-60
Klipphúsið ehf,
Bíldshöfða 18
Knattspyrnusamband
Íslands,
Laugardal
KOM almannatengsl,
Katrínartúni 2
Kringlan,
Kringlunni 4-12
Kringlukráin,
Kringlunni 4-6
Kvikk Þjónustan ehf,
Vagnhöfða 5
Köfunarþjónustan ehf,
Héðinsgötu 1-3
Lagnalagerinn ehf,
Fosshálsi 27
Lambafelli ehf,
Bakkastöðum 81
Landsnet hf,
Gylfaflöt 9
Landssamband kúabænda,
Bitruhálsi 1
Landssamtök lífeyrissjóða,
Sætúni 1
Laugarásvídeó ehf,
Dalbraut 1-3

Láshúsið ehf,
Bíldshöfða 16
Leiguval ehf,
Kleppsmýrarvegi 8
Litir og föndur,
Skólavörðustíg 12 &
Smiðjuvegi 5
Litla sendibílastöðin,
Vesturbergi 175
Ljósboginn ehf,
Bíldshöfða 14
Ljósin í bænum,
Trönuhólum 14
Loftlínur ehf,
Rauðhömrum 8
Logy ehf,
Viðarrima 13
LP-Verktak ehf,
Kleppsvegi 48
Lögafl - lögmannsstofa,
Kringlunni 4-12
Lögfræðistofa
Reykjavíkur ehf,
Borgartúni 25
Lögmenn Árbæ slf,
Nethyl 2
Lögmenn Eiðistorgi sf,
Skógarhlíð 12
Lögmenn Jónas &
Jónas Þór sf,
Stórhöfða 25
Lögmenn Laugardal ehf,
Sundagörðum 2
Lögmenn Laugavegi 3 ehf,
Laugavegi 3
Lögskil ehf,
Suðurlandsbraut 48
Löndun ehf,
Kjalarvogi 21
Markaðsráð kindakjöts,
Bændahöllinni Hagatorgi 1
Matfugl ehf,
Völuteigi 2
Málarameistarar ehf,
Logafold 188
Málmsmiðjan Ferrum ehf,
Bugðulæk 18
Merking ehf,
Viðarhöfða 4
Merkismenn ehf,
Ármúla 36
Mótor og Mía,
tískuverslun,
Kringlunni 4-12
MS Armann
skipamiðlun ehf,
Tryggvagötu 17
Múlakaffi,
Hallarmúla
Múlaradíó ehf,
Fellsmúla 28
Nesradíó ehf,
Síðumúla 19

Nostra Ræstingar ehf,
Sundaborg 7-9
Nýi ökuskólinn ehf,
Klettagörðum 11
Nýja sendibílastöðin hf,
Knarrarvogi 2
Næsti bar,
Ingólfsstræti 1a
Obladí ehf - Bítlabar,
Laugavegi 45a
Orkuvirki ehf,
Tunguhálsi 3
Ósal ehf,
Tangarhöfða 4
Parketslíparinn ehf,
Skógarási 5
Pétur Stefánsson ehf,
Vatnsstíg 15
Pipar og salt ehf,
Klapparstíg 44
Pixel ehf,
Brautarholti 10-14
Pípulagnaverktakar ehf,
Langholtsvegi 109
Plast - miðar og tæki ehf,
Krókhálsi 1
Plastco ehf,
Skútuvogi 10c
Poulsen ehf,
Skeifunni 2
Prikið ehf,
Bankastræti 12
Promennt ehf,
Skeifunni 11b
Prófílstál ehf,
Smiðshöfða 15
Rafco ehf,
Skeifunni 3
Rafsvið sf,
Þorláksgeisla 100
Raftækjaþjónustan sf,
Lágmúla 8
Rafvörn ehf,
Langagerði 4
Rafþjónustan slf,
Klapparbergi 17
Ragnar og Guðjón ehf,
Espigerði 2
Reki ehf,
Fiskislóð 57-59
Reykjavík Foto ehf,
Laugavegi 51
Reykjavíkur Apótek,
Seljavegi 2
Reykjavíkurborg,
Ráðhúsinu
Reyktal þjónusta ehf,
Síðumúla 34
Réttingaverk ehf,
Hamarshöfða 10
Réttingaverkstæði Bjarna
og Gunnars ehf,
Bíldshöfða 14

Réttur lögmannsstofa,
Klapparstíg 25-27
Safalinn ehf,
Dugguvogi 3
Samgöngustofa,
Borgartúni 30
Sendibílar og
hraðþjónusta ehf,
Urriðakvísl 3
SHV
pípulagningaþjónusta ehf,
Funafold 54
Sigmundur Hannesson hrl.,
Höfðatorgi,
Katrínartúni 2
Sigurjónsson & Thor ehf,
Lágmúla 7
Silfurberg ehf,
Suðurgötu 22
Sindrafiskur ehf,
Mánatúni 5
Síma- og tölvulagnir hf,
Kirkjustétt 34
Sjóvélar ehf,
Skútuvogi 12
Skipamiðlarar ehf,
Grandagarði 14
Skorri ehf,
Bíldshöfða 12
Skóarinn í Kringlunni ehf,
Kringlunni 4-6
Skólavefurinn.is,
Laugavegi 163
Skóvinnustofa Halldórs
Guðbjörnssonar,
Hrísateigi 19
Skuggabyggð ehf,
Vatnsstíg 16
SM kvótaþing ehf,
Skipholti 50d
Smurstöðin Klöpp ehf,
Vegmúla 4
Snóker-
og Poolstofan,
Lágmúla 5
Son ehf,
Starmýri 2
Sprettur-Þróun
og stjórnun ehf,
Laugavegi 26
Staukur ehf-leiktæki og
sjálfsalar,
Krókhálsi 5
STEF Samband
tónskálda og eigenda,
Laufásvegi 40
Stólpi ehf-alhliða
viðgerðaþjónusta,
Klettagörðum 5
Suzuki bílar hf,
Skeifunni 17
Suzuki umboðið ehf,
Skeifunni 17

Sveinsbakarí,
Arnarbakka 4-6
SVÞ-Samtök verslunar
og þjónustu,
Borgartúni 35
Sögn ehf,
Skálholtsstíg 7
Söluturninn Vikivaki,
Laugavegi 5
Sönglist,
söng- og leiklistarskóli
Borgarleikhúsinu,
Listabraut 3
Talnakönnun hf,
Borgartúni 23
Tandur hf,
Hesthálsi 12
Tannlæknastofa Ingólfs
Eldjárn,
Vegmúla 2
Tannver Ásgeirs ehf,
Hverfisgötu 105
Teiknistofan Arkitektar,
Brautarholti 6
Timberland
Kringlunni & Laugavegi
Tímadjásn,
skartgripaverslun,
Grímsbæ Efstalandi 26
Tískuverslunin Smart,
Efstalandi 26
Tollstjóraembættið,
Tryggvagötu 19
Tollvarðafélag Íslands,
Tryggvagötu 19
Tort ehf,
Aðalstræti 8
Túnverk ehf,
túnþökusala,
Jónsgeisla 45
Tækni ehf,
vélsmiðja,
Súðarvogi 9
Tölvu- og
tækniþjónustan ehf,
Grensásvegi 8
Úðafoss sf,
efnalaug,
Vitastíg 13
Útfararstofa Íslands ehf,
Suðurhlíð 35
Útfaraþjónusta Rúnars
Geirmundssonar,
Fjarðarási 25
Vals tómatsósa ehf,
Viðarhöfða 2
Varahlutaverslunin
Kistufell ehf,
Brautarholti 16
Veiðibúðin Hlað ehf,
Bílshöfða 12
Veiðikortið ehf,
Kleifarseli 5





# Þriðjudaginn 2. júlí s.l. var farin hin árlega sumarferð á vegum lífeyrisþegadeildar LL.

*Ákveðið var að heimsækja Suðurnes og Selvog að þessu sinni*

**Lagt var af stað að venju frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu kl. 08:00 undir dyggri leiðsögn Jóhanns Davíðssonar sem þekkir þetta svæði eins og handarbakið á sér.**

Ekið var sem leið liggur Reykjanesbrautina og í átt til Grindavíkur. Á þeirri leið var stoppað og skoðaðar vinnubúðir þeirra sem unnu að vegalagningunni í gegnum hraunið á árunum 1912-1913. Þeir komu sér fyrir í hraunbollum, hlóðu veggi fyrir smiðju, eldunaraðstöðu og aðhald fyrir hross og báru svo með sér bárujárnsþök sem lögð voru yfir hlaðna veggina. Þá var sléttuð flöt fyrir tjöld vinnumannanna. Síðan fluttu þeir sig til eftir því sem að vegagerðin gekk og báru þökin með sér í nýjar vinnubúðir. Þessar tóftir eru ótrúlega heillegar og sennilega ekki margir sem vita um þær.

Þá var farið í tvo hella og voru menn að finna þar ýmsar óvæntar fornminjar. Í Grindavík hittum við Sigurð Ágústsson, fyrrum lögreglumann, og fór hann með okkur um bæinn og höfnina og sagði undan og ofan af sögu staðarins. Boðið var upp á fiskisúpu í Stakkavík og starfsemin þar skoðuð. Eigendur þar hafa útbúið aðstöðu til að hægt sé að sýna fiskvinnsluna og myndband sem kynnir hvernig fyrirtækið starfar. Eigandinn er mikill áhugamaður um gamlar dráttarvélar og bauð hópnum að skoða safnið sitt að málsverði loknum. Þaðan var ekinn Suðurstrandarvegur með viðkomu við Helvíti, þaðan sem talinn er vera inngangur í neðra. Við hitann sem þar gýs upp fannst stærðarinnar sauðahangilæri sem bragðaðist hið besta. Næsta viðkoma var í Herdísarvík. Þeir félagar Ómar Smári og Jóhann hafa verið að kortleggja ýmis svæði á Reykjanesinu og er Herdísarvíkin eitt af þeim. Er búið að setja upp skilti með nákvæmu korti af staðnum. Í góðviðrinu var rölt um svæðið og húsið skoðað undir leiðsögn Jóhanns og var ekki fjarri að ýmislegt góss kæmi í leitirnar í þeirri för.



Þá var haldið að Strandarkirkju þar sem að Jóhann „messaði" yfir hópnum. Næst lá leiðin um Selvog. Þetta er svæði sem er allajafnan ekki í alfararleið en þarna var blómleg byggð og mikill mannfjöldi á árum áður. Þar var ýmislegt brallað sem ekki verður tíundað hér.



Í T-bæ beið okkar síðan kjötsúpa og Davíð spilaði á harmonikkuna við mikinn fögnuð viðstaddra. Að því loknu var haldið heim á leið. Var það rómur manna að vel hefði tekist til þó að heldur hafi verið svalt í veðri fyrri hluta ferðarinnar.



# Stytting vinnutíma

**BSRB hefur undanfarin ár lagt áherslu á að möguleg hagkvæmni þess að stytta vinnuvikuna verði vandlega athuguð. Vinnutími Íslendinga er talsvert lengri en samanburðarlanda en samt er framleiðni hér minni. Fyrir tilstuðlan BSRB verður skipuð nefnd sem er sérstaklega ætlað að kanna hvort hægt sé að stytta vinnutíma fólks. Með því væri hægt koma til móts við kröfuna um bætt samspil fjölskyldu- og atvinnulífs og jafnvel stuðla að aukinni framleiðni á unnar stundir um leið.**



Á síðasta þingi BSRB sem haldið var í október 2012 kom fram skýr krafa félagsmanna bandalagsins um styttingu vinnuvikunnar, bæði hjá fólki í hefðbundinni dagvinnu og ekki síður þeim sem vinna vaktavinnu. Hugmyndin er ekki ný af nálinni en krafan um styttingu vinnuvikunnar var fyrst lögð fram í kjarasamningsgerð BSRB árið 2004. Samninganefndir höfðu ekki erindi sem erfiði en ljóst er að mikill vilji félagsmanna stendur til slíkra breytinga. Þá hefur velferðarráðuneytið fallist á hugmyndir BSRB um að athuganir á hagkvæmni þess að stytta vinnutíma fólks fari fram og standa vonir til að niðurstöðu þeirrar vinnu verði ljósar á næstu misserum.

***Álag aukist til muna***

Samanborið við önnur lönd er vinnutími Íslendinga hvað lengstur sem felur í sér aukna hættu á ofþreytu og örorku. Samkvæmt kjarakönnun BSRB meta félagsmenn bandalagsins það sem svo að álag þeirra í starfi hafi aukist mjög mikið á milli ára. Það er líka staðreynd að undanfarin ár hefur öryrkjum fjölgað til muna og sömuleiðis þeim sem eru lengi frá vinnu vegna ofþreyttu og álags.

Samkvæmt tölum frá Alþjóðavinnumálastofnunni (ILO) vinna Íslendingar meira en flestar þjóðir í Vestur-Evrópu, þ. á m. allar hinar Norðurlandaþjóðirnar. Flestar þær þjóðir sem við berum okkur saman við hafa hærri framleiðni og minni vinnutíma. Niðurstað er því sú að Íslendingar vinna lengur en afkasta minna. Þegar framleiðni og vinnutími eru skoðuð á meðal þróuðustu landanna má sjá skýr tengsl milli vinnutíma og framleiðni. Þau lönd sem almennt vinna meira hafa jafnframt lægri framleiðni.

***Breyttar áherslur***

Í nýlegri skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey um hagvaxtarhorfur Íslands kom fram að eitt af helstu verkefnum Íslands væri að bæta framleiðni landsins. Með styttingu vinutímans mætti slá tvær flugur í einu höggi, bæta framleiðni hagkerfisins og veita fólki aukinn frítíma.

Rannsóknir sýna að yfir 120 ára tímabil hafa raunlaun í stærstu þróuðu löndunum hækkað nánast tífalt. Á sama tíma hefur vinnutími dregist saman um helming. Því má segja að almenningur hafi til langs tíma kosið að njóta aukinnar hagsældar bæði með aukinni neyslu og meiri frítíma. Í kjölfar efnahagshrunsins hafa kröfur félagsmanna BSRB orðið enn meira áberandi um mikilvægi styttingu vinnuvikunnar. Forgangsröðunin er önnur en fyrir hrun og er afleiðingin sú að fjölskyldan er í forgrunni. Þannig sjá félagsmenn bandalagsins það sem mikilvægt verkefni að vinnuvikan verði stytt.

Þrátt fyrir að fjölda vinnustaða reyni eftir fremsta megni að hafa vinnutíma sveigjanlegan valda t.d. opnunartímar skrifstofa eða vaktakerfi vinnustaða því að erfitt er að mæta kröfum um fjölskylduvænan vinnustað. Til að mæta þörfum þeirra starfsmanna er nauðsynlegt að breytingar á vinnutíma séu teknar samtímis á fjölda vinnustaða t.d. með kjarasamningsgerð. Þannig er einnig samþætt við aðra starfsemi svo sem menntakerfið, dagvistun o.s.frv.

***Kröfunni verður fylgt eftir***

Á síðasta ári skipuðu stjórnvöld starfshóp sem aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúi Jafnréttisstofu sitja í um samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs. Hópurinn hafði meðal annars það verkefni að kanna hagkvæmni styttingu vinnuvikunnar. Í ljósi annarra verkefna taldi hópurinn verkefnið of viðamikið og sendi velferðarráðherra bréf þar um. Í kjölfarið hefur bandalagið átt í viðræðum við velferðarráðherra um hvernig megi fylgja verkefninu eftir með öðrum hætti.Stjórnvöld hafa m.a. sýnt mikinn vilja og skuldbundið sig til að láta slíka athugun fara fram og staðfesti það með bréfi til bandalagsins í tengslum við kjarasamningsgerð árið 2011.

Niðurstaðan er að skipaður verður sérstakur starfshópur á vegum stjórnvalda sem hefur það verkefni eitt að kanna hagkvæmni styttingar vinnuvikunnar. BSRB vonast til að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir á næstu misserum. Hver svo sem niðurstaða þeirra athuganna verður mun bandalagið halda kröfu sinni uppi í komandi kjarasamningum og fylgja málinu eftir.

*Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Veiðiþjónustan Strengir,
Smárarima 30
Veitingahúsið Caruso,
Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Jómfrúin,
Lækjargötu 4
Veitingahúsið Lauga-Ás,
Laugarásvegi 1
veitingastadir.is
& visitorsguide.is
Verkfræðistofan Víðsjá ehf,
Skólavörðustíg 3
Verkfærasalan ehf,
Síðumúla 11
Verslunin Vínberið,
Laugavegi 43
Vesturröst-Sérverslun
veiðimannsins,
Laugavegi 178
Vélar og verkfæri ehf,
Skútuvogi 1c
Véltækni hf,
Stórhöfða 35
Vilberg kranaleiga ehf,
Fannafold 139
Vilhjálmsson sf,
heildverslun,
Sundaborg 1
Vinnumálastofnun,
Kringlunni 1
Vitabar,
veitingahús,
Bergþórugötu 21
Víkurós ehf,
bílamálun og réttingar,
Bæjarflöt 6
Vörubílastöðin Þróttur hf,
Sævarhöfða 12
Wise lausnir ehf,
Borgartúni 26
Þingvallaleið ehf,
Skógarhlíð 10
Þín verslun ehf,
Hagamel 39
Þrír Frakkar hjá Úlfari,
veitingahús,
Baldursgötu 14
Ögurvík hf,
Týsgötu 1
Ölver,
Álfheimum 74
Örninn ehf,
Faxafeni 8
Seltjarnarnes
Bæjarins bestu sf,
Böllagörðum 4
Innrömmun Guðmundar,
Eiðistorgi 15
Nesskip hf,
Austurströnd 1
Seltjarnarneskirkja,
Kirkjubraut 2
Vogar
Loftræstihreinsun ehf,
Vogagerði 19

Stálafl Orkuiðnaður ehf,
Iðndal 10

**Kópavogur**

Aalborg Portland Íslandi hf,
Bæjarlind 4
AMG Aukaraf ehf,
Dalbrekku 16
Arnardalur sf,
Þinghólsbraut 58
Arnarverk ehf,
Kórsölum 5
Ásborg slf,
Smiðjuvegi 11
BB44 Gisting ehf,
Borgarholtsbraut 44
Bifreiðastillingin ehf,
Smiðjuvegi 40d
Bílalakk ehf,
Dalbrekku 26
Bílamarkaðurinn,
Smiðjuvegi 46e
Bílamálunin Varmi ehf,
Auðbrekku 14
Bílasprautun
og réttingar Hjartar,
Smiðjuvegi 56
Bílaverkstæði Kjartans
og Þorgeirs sf,
Smiðjuvegi 48d
Bílvogur ehf,
Auðbrekku 17
Byggðaþjónustan bókhald,
Auðbrekku 22
Cafe Catalina,
Hamraborg 11
Datek Ísland ehf,
Smiðjuvegi 50
Fagsmíði ehf,
Kársnesbraut 98
Fjárstöð ehf,
Smáratorgi 3
G. Sigurður Jóhannesson,
Skógarhjalla 10
Garminbúðin,
Ögurhvarfi 2
Greiðabílar hf,
Skemmuvegi 50
Guðjón Gíslason,
dúklagningameistari
Hafið-fiskverslun ehf,
Hlíðasmára 8
Hegas ehf,
Smiðjuvegi 1
Hjólið ehf,
Smiðjuvegi 9
Hjörtur Eiríksson sf,
Daltúni 1
Höll ehf,
Hlíðasmára 6
Ingi hópferðir ehf,
Laufbrekku 16
Íslandsspil sf,
Smiðjuvegi 11a

Íslenskt marfang ehf,
Bæjarlind 6
JS ljósasmiðjan-Sláttuvéla-
markaðurinn,
Skemmuvegi 34
JS-hús ehf,
Skemmuvegi 34a
K.S. Málun ehf,
Fellahvarfi 5
Kjöthúsið ehf,
Smiðjuvegi 24d
Körfuberg ehf,
Kleifakór 1a
Lakkskemman ehf,
Skemmuvegi 30
LK pípulagnir ehf,
Hlíðarhjalla 41d
Loft og raftæki ehf,
Hjallabrekku 1
Löggiltir
endurskoðendur ehf,
Hlíðasmára 6
Lögmannsstofa
Guðmundar
Þórðarsonar,
Hamraborg 14a
Mótaverk ehf,
Auðbrekku 6
MótX ehf,
Drangakór 4
Norm X ehf,
Auðbrekku 6
RadioRaf ehf,
Smiðjuvegi 52
Rafbreidd ehf,
heimilistækjaviðgerðir,
Akralind 6
Rafmiðlun hf,
Ögurhvarfi 8
Rafport ehf,
Nýbýlavegi 14
Rafsetning ehf,
Bjørtusölum 13
Reykofninn ehf,
Skemmuvegi 14
Sérverk ehf,
Askalind 5
Snertill,
verkfræðistofa,
Hlíðasmára 14
Snyrtistofan Jóna ehf,
Hamraborg 10
Sólarfilma ehf,
Auðbrekku 2
TERN SYSTEMS hf,
Hlíðasmára 15
Tíbrá ehf,
Asparhvarfi 1
Tryggingamiðlun
Íslands ehf,
Hlíðasmára 11
Tækniþjónusta
Ragnars G
Gunnarssonar ehf,
Smiðjuvegi 11

Verkfræðistofa Erlends
Birgissonar ehf,
Hlíðasmára 17
Verkfræðistofan VSI örygg-
ishönnun og ráðgjöf ehf,
Hamraborg 11
Vetrarsól ehf,
verslun,
Askalind 4
Vélaleiga Auberts
Högnasonar,
Hlíðarhjalla 7
Vídd ehf,
flísaverslun,
Bæjarlind 4
Ýmus ehf,
heildverslun,
Dalbrekku 28
Ökukennsla EK ehf,
Goðakór 1

**Garðabær**

Engilbert ÓH Snorrason
tannlæknastofa sf,
Garðatorgi 3
Garðabær,
Garðatorgi 7
Geislatækni ehf
-Laser-þjónustan,
Suðurhrauni 12c
Hagráð ehf,
Hofslundi 8
Hannes Arnórsson ehf,
Móaflöt 41
Krókur ehf,
Suðurhrauni 3
Loftorka ehf,
Miðhrauni 10
Raftækniþjónusta
Trausta ehf,
Lyngási 14
Tannhjól ehf,
Gilsbúð 3
Teknís ehf,
Miðhrauni 8
Úranus ehf,
Hegranesi 21
Örvar Sigurðsson,
Árakri 7

**Hafnarfjörður**

Ás,
fasteignasala ehf,
Fjarðargötu 17
Barkasuða
Guðmundar ehf,
Hvaleyrarbraut 27
Batteríið Arkitektar ehf,
Trönuhrauni 1
Beykireykt þorsklifur ehf,
Fornubúðum 5
Dekkjasalan ehf,
Hringbraut 4

Donna ehf,
Móhellu 2
DS lausnir ehf,
Rauðhellu 5
Essei ehf,
Hólshrauni 5
Fasteignasala Gunnars
Ólafssonar,
Reykjavíkurvegi 60
Ferskfiskur ehf,
Bæjarhrauni 8
Fjarðargrjót ehf,
Furuhlíð 4
Fjörukráin-Hótel Víking,
Strandgötu 55
Flúrlampar ehf,
Kaplahrauni 20
Fura
málmendurvinnslan ehf,
Hringhellu 3
G. Ingason hf,
Hvaleyrarbraut 3
G.S. múrverk ehf,
Hvassabergi 4
Gerandi ehf,
Suðurbraut 10
Geymsla Eitt ehf,
Steinhellu 15
H. Jacobsen,
Reykjavíkurvegi 66
Hafdal ehf,
Hvaleyrarbraut 2
Hafnarfjarðarhöfn,
Óseyrarbraut 4
Héraðsdómur Reykjaness,
Fjarðargötu 9
Hlaðbær-Colas hf,
malbikunarstöð,
Gullhellu 1
Holtanesti,
Melabraut 11
Hópbílar hf,
Melabraut 18
Húsamálarinn ehf,
Álfaskeiði 73
Hyggir ehf,
endurskoðunarstofa,
Reykjavíkurvegi 66
IRobot,
verslun,
Helluhrauni 22
Japanskar vélar ehf,
Dalshrauni 26
Kjarnagluggar ehf,
Selhellu 13
Kjartan
Guðjónsson,
tannlæknir,
Bæjarhrauni 2
Kænan veitingastaður,
Óseyrarbraut 2
Lagnameistarinn ehf,
Móabarði 36
Lögmenn Thorsplani sf,
Fjarðargötu 11




# Er mennt *máttur?*

*Dagana 4. og 5. september s.l. stóð Landssamband lögreglumanna (LL), í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins (LSR) og Innanríkisráðuneytið (IRR) fyrir ráðstefnu, í húsnæði BSRB við Grettisgötu, um menntunarmál lögreglumanna.*



**Hugmyndin að ráðstefnunni kom fram í máli Ögmundar Jónassonar, þáverandi innanríkisráðherra, á þingi LL sem haldið var í Stykkishólmi dagana 24. – 26. apríl 2012. Hugmynd Ögmundar gekk út á að ráðuneytið stæði að og héldi ráðstefnuna þá um haustið, með aðkomu LL og LSR, og fengi jafnvel einn til tvo erlenda fyrirlesara til ráðstefnunnar. Tíminn sem var til stefnu, þegar hugmyndin var sett fram, var hinsvegar of skammur til að hægt yrði að koma henni á og ákveðið var að fresta henni um óákveðinn tíma. Það var svo, þegar ljóst var að skólastjórar lögregluskólanna á Norðurlöndunum, myndu halda árlegan fund sinn hér á landi haustið 2013 að ákveðið var að reyna að koma ráðstefnunni á á sama tíma. Ákveðið var að freista þess að fá skólastjórana til að framlengja dvöl sína hér á landi og flytja erindi á ráðstefnunni um þróun menntunarmála hver í sínu landi en eins og flestir vita er menntun lögreglumanna á hinum Norðurlöndunum þegar komin á háskólastig að hluta eða öllu leyti.**







Ráðstefnan var í rökréttu framhaldi af þeim kröfum sem LL setti fram í „Kjarabók LL“ fyrir kjarasamningagerð árið 2008 þó svo að umræðan um menntun íslenskra lögreglumanna eigi sér mun lengri aðdraganda en til ársins 2008.

Þá er umræðan einnig í takt við það sem LSR hefur lagt fram í menntunarmálum lögreglumanna sbr. skýrslu um „Nýtt kerfi lögreglumenntunar“ frá árinu 2004 og „Langtímaáætlun Lögregluskóla ríkisins 2007 – 2011“. Þá má einnig nefna, í þessu samhengi, málstofu RLS sem haldin var í LSR 12. maí 2009.

Í 25 ára afmælisriti Lögreglufélags Reykjavíkur árið 1960 ritaði Erlingur Pálsson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, grein undir heitinu „Lögregluskóli og þróun lögreglumála í Reykjavík“ sem m.a. fjallaði um þróun menntunar lögreglumanna auk þess sem hann setti fram ákveðna sýn á málefnið. Sýn sem síðar varð að veruleika, sem enn er við lýði í dag um fimmtíu árum frá formlegri stofnun lögregluskólans.

### Í grein Erlings segir m.a.:

*„Upp á síðkastið hafa lögreglunámskeið verið efld og námsgreinum fjölgað, svo að nú læra nýliðar hér sömu bóklegar og verklegar námsgreinar og frændur þeirra á Norðurlöndum. Þá hefur núverandi lögreglustjóri stofnað til stuttra námskeiða fyrir hina eldri lögreglumenn, bæði til þess að rifja upp og bæta þekkinguna.“*

### Nokkru síðar í sömu grein ritaði Erlingur:

*„Í hinu þýðingarmikla starfi sínu verður lögreglumaðurinn oft að taka ákvarðanir fyrirvaralaust og framkvæma þær samstundis. Hann þarf því að vera vel að sér í öllum lagagreinum og reglugerðum, sem lúta að starfi hans, svo að hann sé fær um að taka rétta stefnu í hverju máli. Hann verður einnig að vera vel þjálfaður og ódeigur að ganga á hólm við ofurefli, þegar skyldustarfið krefst þess af honum. Það er því þjóðfélagsleg nauðsyn, að lögreglan sé ávallt skipuð þrautþjálfuðum og menntuðum úrvalsmönnum, trúum verndurum laga og réttar í landinu“.*

## Betri menntun og aukin samvinna nauðsynleg löggæslunni

*„Menntun lögreglumanna er lykilþáttur í bættri löggæslu. Lögreglan verður ennfremur að setja sér skýr markmið og finna leiðir til að viðhalda og bæta gæði löggæslunnar á sama tíma og fjárframlög til hennar standa í stað eða dragast saman.“*

*„Lögreglan þarf sífellt að taka á nýjum tegundum afbrota og því er sveigjanleiki í starfi hennar nauðsynlegur. Skipulögð glæpastarfsemi færist í aukana sem og hverskyns tölvu- og viðskiptaglæpir. Við þessu þarf lögreglan að bregðast. Eitt af helstu úrræðum lögreglunnar er að auka menntun lögreglumanna.“*

- Hans Sverre Sjøvold, fyrrverandi aðstoðarríkislögreglustjóri Noregs í erindi á fundi ríkislögreglustjóra með sýslumönnum í Þjóðmenningarhúsinu í október 2000. (Morgunblaðið 21. október 2000, bls. 11)

### Aðdragandi ráðstefnunnar

Gerð hefur verið grein fyrir aðdraganda ráðstefnunnar hér að ofan en LL hafði þá þegar lagt í nokkra vinnu við það að kortleggja menntunarstöðu kollega okkar á Norðurlöndunum en út úr þeirri vinnu kom í raun sú einfalda staðreynd að þrátt fyrir hina ágætustu menntun sem íslenskir lögreglumenn hljóta standa þeir kollegum sínum á Norðurlöndunum talsvert að baki í þeim efnum. Nægir í því sambandi að nefna þá einföldu staðreynd að ekki er krafist stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar til inngöngu í LSR heldur dugar að innsækjandi hafi lokið sem svarar hálfum menntaskóla eða sambærilegu. Til samanburðar má nefna þá staðreynd að enginn getur hafið nám í tollskólanum nema að hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun og hið sama gildir fyrir þá sem hyggjast hefja störf eða nám í slökkviliði, við flugumferðastjórn eða hafa í hyggju að starfa sem eftirlitsmenn á vegum Vegagerðarinnar. Það er því ljóst, í þessum samanburði, að þær kröfur sem gerðar eru til inngöngu í LSR eru talsvert lakari en kröfur til annarra hliðstæðra starfa á vegum hins opinbera og þ.m.t. hluta af löggæslumönnum ríkisins þ.e.a.s. tollverði.

Árið 2008 setti LL fram kröfur sínar, í tengslum við kjarasamninga þá um haustið, í þá veru að nám í LSR yrði fært á háskólastig að hluta eða öllu leyti. Sú krafa var byggð á þeirri þróun sem átt hefur sér stað á hinum Norðurlöndunum. Það er skemmst frá því að segja að ýmsar úrtöluraddir heyrðust þá þegar svo ekki sé talað um þá staðreynd að samninganefnd ríkisins vísaði málinu einfaldlega frá sér til annarra stjórnvalda til afgreiðslu.

LL hélt hinsvegar áfram vinnu sinni í þessum efnum og setti á fót sérstaka nefnd til að fjalla um menntunarmál lögreglumanna. Árið 2012 fékk LL styrk úr Leonardo da Vinci áætlun Evrópusambandsins, í gegnum Fræðslusetrið Starfsmennt, til að senda tvo fulltrúa menntanefndarinnar til Danmerkur til að kynna sér þróun menntunarmála danskra lögreglumanna. Lögregluskólinn í Danmörku hefur einmitt nú nýverið stigið skrefið í átt að námi á háskólastigi og því eðlilegast að leita þangað eftir upplýsingum. Þeirri vinnu, sem og ferð fulltrúa LL til Danmerkur, eru gerð góð skil í 1. tbl. Lögreglumannsins 2013.

### Ráðstefnan

Menn er máttur! Penninn er máttugri en sverðið o.fl. spakmæli í þessa veru eru til í íslensku máli sem leggja áherslu á mikilvægi góðrar menntunar og þýðingu hennar í þágu lands og þjóðar.

Árið 1967 voru fyrstu íslensku lögreglumennirnir útskrifaðir frá Lögregluskóla ríkisins sem rekinn var sem hluti af embætti Lögreglustjórans í Reykjavík allt þar til skólinn varð að sjálfstæðu embætti árið 1988. Menntun lögreglumanna sem útskrifast hafa frá skólanum frá fyrsta degi hefur í grunninn tekið frekar litlum breytingum og inntökuskilyrði í skólann hafa haldist nánast óbreytt frá fyrstu tíð þó svo að sjálfsögðu þróun í löggæslu almennt, rannsóknum, tölvuvæðingu lögreglu o.fl. hafi verið fylgt eftir með nauðsynlegum breytingum á kennslufyrirkomulagi og –efni í skólanum.

Inngangserindi á ráðstefnunni fluttu Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri og Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna. Ráðstefnustjóri var Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Aðalerindi ráðstefnunnar fluttu svo Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, Michael Flemming Rasmussen, skólastjóri danska lögregluskólans, Kimmo Himberg, skólastjóri finnska lögregluskólans og Håkon Skulstad, skólastjóri norska lögregluskólans. Anna Orhall, menntunarstjóri sænska lögregluskólans forfallaðist því miður, vegna veikinda á síðustu stundu en hún sendi LL erindi sitt sem hægt er að nálgast á heimasíðu LL ásamt erindum hinna skólastjóranna.

Sammerkt með erindum skólastjóra lögregluskólanna í Danmörku, Finnlandi og Noregi er sú staðreynd að þeir telja að það hafi verið rétt leið að fara að koma lögreglunáminu á háskólastig þrátt fyrir ýmsar hindranir og andstöðu á þeirri vegferð. Þá voru þeir allir á því að afar nauðsynlegt væri að skólarnir héldu fast í tengingu sína inn í lögregluna og væru þ.a.l. hluti af stofnanauppbyggingu hennar. Er það m.a. vegna þess hversu námið er sérhæft og mikil nauðsyn á aðkomu lögreglunnar sjálfrar að náminu á öllum stigum.

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á það hér að LL er sömu skoðunar í þessum efnum og aldrei komið til álita annað en að Lögregluskólinn tilheyri áfram því ráðuneyti sem fer með stjórn löggæslumála í landinu.

Gerð er grein fyrir erindum skólastjóra lögregluskólanna í sér grein hér í blaðinu.

### Málstofur

Seinni dag ráðstefnunnar var þátttakendum skipt til verka í þremur málstofum þar sem fjallað var um a) grunnnám, b) framhaldsmenntun og c) fjarkennslu o.fl.. Málstofustjórar voru a) grunnnám: Vilhjálmur Árnason, alþingismaður og lögreglumaður; b) framhaldsnám: Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi og c) fjarkennsla: Eiríkur Valberg, rannsóknarlögreglumaður. Nokkuð góð þátttaka var í starfi málstofanna og spunnust þar líflegar umræður um hvert efni fyrir sig sem síðar um daginn var svo gerð grein fyrir undir lok dagskrár ráðstefnunnar. Áfram mun verða unnið með niðurstöður og samantekt úr málstofunum í samræmi við þá vegferð sem mörkuð hefur verið en stefnt er að útgáfu skýrslu um menntunarmál lögreglumanna.

Heildarniðurstöðu málstofanna má í raun taka saman í stuttu máli á þann veg að almennur vilji er til þess að horfa til þeirrar vinnu sem unnin var í Danmörku þegar ákveðið var að færa lögreglunám upp á háskólastig þar í landi. Þá er það einnig sammerkt með vinnu málstofanna að þátttakendur voru sammála því að efla bæri menntun lögreglumanna og horfa til þess að færa námið, að hluta til eða öllu leyti upp á háskólastig. Það er einnig í samræmi við niðurstöður rannsókna Guðrúnar Tinnu Ólafsdóttur sem lýst er í meistararitgerð hennar í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands, „Framtíð lögreglumenntunar á Íslandi. Er grundvöllur fyrir menntun á háskólastigi“. Í rannsóknarniðurstöðum Guðrúnar Tinnu kemur fram að um 89% aðspurðra lögreglumanna, voru því fylgjandi að menntun lögreglumanna yrði færð upp á háskólastig og um 11% voru því andvíg. Þátttaka í könnuninni var ríflega 50% starfandi lögreglumanna.

Nokkra athygli vekur einnig, í ritgerð Guðrúnar Tinnu, launasamanburður sem hún vann, sem og



viðtalsniðurstöður við forvígismenn bæði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félags leikskólakennara sem unnu að því að koma námi stéttanna upp á háskólastig. Ekki verður fjallað frekar um þennan þátt hér en áhugasömum bent á að hægt er að nálgast ritgerð Guðrúnar Tinnu á Skemmunni (www.skemman.is).

### Hvað svo?

Færa má sterk rök fyrir því að við endurskoðun og endurmat á menntun lögreglu verði horft til Norðurlanda. Danir hafa nýlega lokið endurskoðun á grunnnámi sínu og eru að hefja skoðun sína og mat á útfærslum á framhaldsnámi og símenntun.

Það er sýn LL að sterk rök séu til þess að horfa til Danmerkur. Danska landssambandið átti stóran hlut í því að farið var að endurskoða menntunaruppbyggingu lögreglumanna þar í landi. Lögreglumenn höfðu kvartað undan því að menntun þeirra hefði ekki tekið þeim breytingum sem þurfti til að sinna breyttu starfsumhverfi. Vel var tekið í hugmyndir danska landssambandsins, ríkislögreglustjórinn danski sýndi málinu mikinn áhuga og hafði forgöngu um að skapa breiða samstöðu með lögreglu og almenningi. Afraksturinn er umtalsverð breyting á uppbyggingu námsins. Hugmyndafræði sem LL hefur kynnt sér rækilega og telur eiga vel við hér á landi.

LL telur brýnt að stjórnvöld sýni vilja til að skapa sambærilega sýn og tókst í Danmörku og skapa samstöðu og kalla almenning og háskólasamfélagið að borðinu til að tryggja að lögreglumenn framtíðar standi starfsfélögum sínum á hinum Norðurlöndunum ekki að baki þegar kemur að menntun.

LL telur að í þeirri vinnu þurfi að huga að grunnmenntun, hana þarf að lengja og væntanlega einnig skapa breytta sýn í samsvörun milli náms og starfsnáms. Hugmynd Dana um uppbyggingu í einingum þar sem tryggt er flæði menntunar og síðan nýting þess í starfi er einkar vel útfærð og framsækin. Með vel útfærðri nálgun tekst að tengja betur en áður raunsæja mynd af námi og starfi lögreglu og undirbúa lögreglunemafyrir þau verkefni sem kunna að verða á

*„Tryggja þarf áhugavert og hvetjandi starfsumhverfi svo að lögreglan fái til starfa hæft fólk úr sem flestum stéttum þjóðfélagsins. Faglegt og kunnáttusamlegt verklag bætir ímynd lögreglunnar og eykur traust og skilning almennings á störfum hennar. Starfsmenn lögreglunnar eru undirstaða starfseminnar og því þarf að leggja áherslu á þann auð sem í þeim er fólginn.“*

- Löggæsluáætlun 2007 – 2011, bls. 22



vegi þeirra. Samhliða því sem LL telur nauðsynlegt að hefja strax endurskoðun á uppbyggingu og útfærslu á grunnnámi lögreglu, með það fyrir augum að lengja það aftur upp í sem var, er hægt að hefjast handa við útfærslu á símenntun og aðra framhaldsmenntun lögreglu. Hluti af því yrði að bjóða uppá útfærslur fyrir lögreglumenn í starfi sem eins konar brú í það skipulag sem yrði ef farin yrði sú leið að færa lögreglunám, að hluta til eða ölu leyti upp á háskólastig. Lögreglumönnum yrði þannig gefinn kostur á að sækja námskeið gegnum fjárnám þar sem kennt yrði og frætt um atriði sem tekið hafa breytingum. Allt nám yrði metið til eininga á háskólastigi sem þannig gæfi lögreglumenntun nýtt gildi og staðsetti það með þeirri virðingu sem starf lögreglu á að njóta og nýtur jafnt hér á landi sem annarsstaðar. Framhaldsmenntun er síðan það sem horft yrði til í framtíðinni. LL hefur þá sýn að hægt yrði að bjóða lögreglumönnum upp á menntun til meistaragráðu á nokkrum sviðum sem þá yrði hugsað sem það menntunarstig sem t.d. framtíðar stjórnendur í lögreglu þyrftu að ljúka og þeir sem önnuðust kennslu lögreglumanna.

LL leggur á það ríka áherslu að Lögregluskóli ríkisins verði áfram starfandi sem stofnun þótt hægt sé að horfa á marga möguleika á útfærslu náms við skólann. Það er afstaða LL að skynsamlegt sé að hafa hliðsjón af skipulaginu í Danmörku þar sem skólinn er í raun hluti af embætti ríkislögreglustjóra og lýtur stjórn hans. Í Danmörku hefur mikill áhugi og metnaður komið fram hjá embætti ríkislögreglustjórans um menntun og menntunarmál lögreglumanna.

Hvað svo? Það er von LL að núna hefjist næsta stig sem er í raun vinna við þau gögn og þær upplýsingar sem komið hafa fram á ráðstefnunni og LL hefur aflað undanfarin misseri. Sú vinna þarf að gerast nokkuð hratt og örugglega og lögreglumen þurfa að láta sig málið varða, láta í sér heyra, koma á framfæri hugmyndum sínum og síðan taka þátt í mótun á framtíðarskipulagi lögreglumenntunar. Það er ljóst að sú vegferð, sem fyrir höndum er, er ekki eitthvað sem gerist á einni nóttu. Hér er um að ræða nokkurra ára vinnu en ef ekki verður farið af stað í hana fljótlega munu íslenskir lögreglumenn einfaldlega verða eftirbátar kollega sinna á hinum Norðurlöndunum í menntunarmálum. Þá er og ljóst að við þá vinnu sem þarf núna að fara fram þarf að fara í ítarlega greiningu á menntun íslenskra lögreglumanna, eins og hún er í dag og menntunarþörf framtíðarinnar með það að markmiði að kanna hvort og þá hvað mögulega upp á vantar.

### *Yfirmarkmið langtímaáætlunar Lögregluskóla ríkisins*

*„Lögregluskóli ríkisins skal ávallt kappkosta að vera í fremstu röð lögreglumenntastofnana þeirra landa sem Ísland ber sig saman við hvað varðar gæði menntunar sem boðið er upp á, gæði námsefnis sem kennt er og námsframboð.*

*Með þessu móti mun skólinn áfram leitast við að tryggja að nemendur hans öðlist menntun og hæfni til að sinna starfi lögreglumanns og að þeir fái áhuga á að auka enn frekar við menntun sína. Rík áhersla skal ætíð lögð á þjónustulund, áhuga og gott siðferði nemenda.“*

- Langtímaáætlun Lögregluskóla ríkisins 2007 – 2011, bls. 2



Lindin fjölmiðlun útvarp

LYFJA Lifið heil

gbó LÖGMENN

FORTIS Lögmannsstofa



# Erindi skólastjóra lögregluskólanna *á Norðurlöndunum*

**Fyrri hluti ráðstefnunnar um lögreglumenntun var að stærstum hluta helguð því að skólastjórar norrænu lögregluskólanna lýstu því hvernig lögreglumenntun í hverju landi er byggð upp. Var sá hluti hugsaður sem upptaktur að því að ráðstefnugestir ræddu um lögreglumenntun hér á landi og kæmust að niðurstöðu um hver væri sýn lögreglunnar í þeim efnum.**



Dagana fyrir ráðstefnuna var haldinn hér á landi árlegur fundur norrænna skólastjórnenda lögreglumenntastofnana. Að frumkvæði Arnars Guðmundssonar, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, skipulögðu skólastjórarnir ferðir sínar svo að þeir gætu dvalið hér á landi degi lengur og tekið þátt í ráðstefnunni. Kunna skipuleggjendur þeim bestu þakkir fyrir framlög þeirra en það sem fram kom er mikilsvert í þá vinnu sem nú fer fram við endurskoðun lögreglumenntunar hér á landi.

Skólastjórarnir Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, Michael Flemming Rasmussen, skólastjóri Politiskolen í Danmörku, Håkon Skulstad, rektor PHS í Noregi og Kimmo Himberg, skólastjóri Poliisiammattikorkeakoulu í Finnlandi fluttu allir framsöguerindi. Sænski skólastjórinn Doris Högne Rydheim gat ekki verið á ráðstefnunni en hún hafði gert ráðstafanir til að kennslustjóri skólans kæmi með innlegg í sinn stað en veikindi settu strik í reikninginn á síðustu stundu. Yfirlit um lögreglumenntun í Svíþjóð liggur þó fyrir þar sem glærur fyrirlesarans bárust auk þess sem skólastjórinn ræddi þessi mál á áðurnefndum skólastjórafundi og upplýsti greinarskrifara um helstu staðreyndir.

Talsverður samhljómur var meðal skólastjóranna fjögurra um að það væri hlutverk skólanna að mennta lögreglunema til þess að vera öflugir lögreglumenn og mæta þannig kröfum samfélagsins. Einnig að þjóðfélagið legði á hverjum tíma ýtrustu kröfur á lögregluna í samræmi við þróun samfélagsins og hræringa innan þess. Markmiðin væru skýr og að þeim væri unnið en á misjafnan hátt eftir löndunum. Menntun lögreglumanna á hverjum stað, tæki mið af breytingum í þjóðfélaginu og gera yrði kröfur til þess að hún uppfyllti þær væntingar sem gerðar væru til hennar.

Miklar breytingar hafa orðið á menntun lögreglumanna á undanförnum árum á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi. Ísland er eitt Norðurlanda með starfstengdan fagskóla meðan hin löndin hafa öll fært sig annað hvort í átt að háskólanámi eða eru þegar komin þangað. Jafnframt er skólaganga íslenskra lögreglumanna sú skemmsta á Norðurlöndum. Fram kom að þrátt fyrir að lögreglumenntastofnanir í Danmörku, Finnlandi og Noregi væru komnar eða að komast á háskólastig sem útskrifuðu lögreglumannsefni með bakkalárgráður og e.a. meistaragráður í lögreglufræðum, væru menntastofnanirnar samt sem áður hluti af lögreglunni eða nátengdar henni en með tengingar við menntakerfi landanna. Það er enda nauðsynlegt til að viðurkenna námið og uppfylla strangar kröfur til þess sem háskólanáms.

## Hér verður gerð örstutt grein fyrir nokkrum atriðum úr framsögum skólastjóranna

***Ísland***

Í erindi sínu fór Arnar Guðmundsson, skólastjóri, yfir hverjar kröfurnar væru „inn og út“ í lögreglunáminu hér á landi, hvernig það væri uppbyggt og hver mark-

*Miklar breytingar hafa orðið á menntun lögreglumanna á undanförnum árum á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi. Ísland er eitt Norðurlanda með starfstengdan fagskóla meðan hin löndin hafa öll fært sig annað hvort í átt að háskólanámi eða eru þegar komin þangað. Jafnframt er skólaganga íslenskra lögreglumanna sú skemmsta á Norðurlöndum.*

N1

112 EINN EINN TVEIR

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf

RMC REYKJAVÍK MOTOR CENTER Íslenska mótorhjólabúðin

*Krafan hjá Dönum var að menntunin endurspeglaði raunveruleikann í þjóðfélaginu og nýtt lögreglunám var skipulagt með það að leiðarljósi.*

mið þessu væru. Inntökuskilyrðin væru: á aldursbilinu 20-40 ára, með nægjanlegan fjölda eininga úr framhaldsskóla, hreint sakavottorð, ökuréttindi og að standast inntökupróf í skólann.

Námið væri þrjár annir sem spönnuðu eitt ár og á þeim tíma fengju lögreglunemar tækifæri til að stunda launað starfsnám sem skólinn greiddi. Aðrir hlutar námsins væru ólaunaðir. Þetta fyrirkomulag á náminu var tekið upp fyrir rúmum áratug en þá hefði því verið þjappað saman til að bregðast við þörf sem var á að fjölga faglærðum lögreglumönnum og jafnframt að útrýma ófaglærðum. Þrátt fyrir að ýmsar breytingar hefðu verið gerðar á náminu og námsfyrirkomulaginu, ný fög tekin upp og öðrum breytt og þau endurskipulögð, hefði ekki enn tekist að lengja námið.

Í skólanum væri ekki fyrirstaða gegn breytingum ef tekin væri ákvörðun um þær. Skólinn væri í startholunum að fylgja eftir stefnumótun stjórnvalda um lögreglumenntun. Nefndi Arnar að nokkuð vantaði á að ná þeim áherslum sem eftir væri leitað og sem dæmi um það væri að framhaldsdeild skólans væri enn með sama sniði og hún var er hún var sett formlega á laggirnar árið 1997 - einum starfsmanni væri falið það verkefni, ásamt og með öðrum verkefnum innan stofnunarinnar.

### *Danmörk:*

Michael Flemming Rasmussen, skólastjóri danska lögregluskólans gerði grein fyrir þeim miklu breytingum sem hafa orðið á lögreglunámi í Danmörku að undanförnu. Hinu nýja námi, sem hófst árið 2011 og sem fyrsti hópur lögreglunema lauk á árinu er lýst sem„Starfstengdri bakkalársgráðu“ og er 3ja ára háskólanám.

Danir stukku ekki beint í þetta fyrirkomulag. Þeir höfðu spurt sig þeirrar spurningar áður hvers vegna þyrfti að breyta menntunarfyrirkomulaginu og unnin var ítarleg skýrsla sem birt var árið 2005 um skipulag lögreglunnar. Í henni kom m.a. fram að menntun dönsku lögreglunnar ætti að vera nútímaleg til að tryggja allsherjar framfarir í færni hennar og hún ætti að taka mið af breytingum í þjóðfélaginu. Þetta tók bæði til grunnmenntunar við lögregluskólann og framhaldsmenntunar innan lögreglunnar. Fyrirkomulag lögreglumenntunar ætti að vera í samræmi við það menntunarkerfi sem þegar er fyrir hendi í Danmörku og þar með var boltinn gefinn upp með breytingar á kerfi því sem Danir höfðu annars verið með lítið breytt í áratugi.

Krafan hjá Dönum var að menntunin endurspeglaði raunveruleikann í þjóðfélaginu og nýtt lögreglunám var skipulagt með það að leiðarljósi.

Undirbúningur hins nýja náms gekk þokkalega en þó tók lengri tíma að uppfylla kröfur þær sem gerðar eru til kennara og skólahalds en reiknað var með en eins og gefur að skilja þurftu kennarar í viðurkenndu háskólanámi að uppfylla tilteknar kröfur um menntun. Eftir lítils háttar gangtruflanir hefur leiðin verið bein og breið. Mikill og ákveðinn stuðningur er við breytinguna í samfélaginu og ekki síst hjá lögreglunni og niðurstaðan lofar góðu.

Fram kom að það hefði verið mikil áskorun að breyta öllu kennslufyrirkomulagi úr fagskóla yfir í háskóla (þrátt fyrir breytt hlutverk heitir skólinn ennþá Politiskolen). Menntun kennara og endurskoðun vinnubragða og námsefnis hefði tekið tíma og kostað mikla fjármuni en allt skilaði sér á endanum að mati Michaels. Skólinn er enn á sama stað og áður, þ.e. í Bröndby í Kaupmannahöfn, hann er nátengdur danska ríkislögreglustjóraembættinu og um leið í góðum tengslum við lögregluna og háskólasamfélagið.

Grunnmenntunin miðar að því að byggja upp góða almenna lögreglumenntun, „generallista“, og góð menntun þeirra gefur síðan góð færi á að byggja ofan á hana með aukinni menntun í samræmi við starfssvið og ábyrgð. Þegar grunnnámi sleppir tekur framhaldsmenntun við en hún er til lengri tíma litið hugsuð sem mastersgráða eða áfangi að mastersgráðu háskólamenntaðra starfsmanna lögreglunnar.

Í fyrirlestri sínum kynnti skólastjórinn þessa mynd sem segir býsna margt um þá hugmyndafræði sem stuðst er við:




### *Noregur*

Håkon Skulstad, rektor Politihögskolan í Noregi rakti fyrirkomulag lögreglunáms í Noregi.

PHS fékk skipulagsskrá fyrir háskóla 18. júní 2004 en tók til starfa sem „Högskole“ ári 1992. Áður hafði hann verið fagskóli og veitt lögreglumenntun á lægra skólastigi.

Skólinn lætur í té grunnmenntun og framhaldsmenntun sem hvoru tveggja er á háskólastigi en grunnnámið er 3ja ára bakkalárgráða.

Mikil áhersla er lögð á að ástunda rannsóknir og þróunarvinnu en stefnan var sett á þau verkefni þegar í upphafi. Nemendur í framhaldsnámi vinna að rannsóknum og afrakstur þeirra kemur við sögu í að færa löggæsluna í þann farveg sem samfélagið kallar á. Sama má í raun segja um lokaverkefni nemenda í grunnámi til bakkalárgráðu í lögreglufræðum.

Í skólanum eru nú um 420 starfsmenn og 3700 nemendur. Teknir eru um 720 nemendur inn í skólann á hverju ári. Skólanum hefur verið sett það markmið að taka á móti umsækjendum sem hafa eftirsóknarverða persónulega færni og eiginleika. Vandað er til kynningar og markaðssetningar námsins og reynt að ná til einstaklinga með eftirsóknarverða eiginleika. Nýttar eru nútímalegar aðferðir við val og inntöku og náðst hefur sá árangur að samsetning nemendahópsins er að 40% þeirra eru konur og skv. stefnu stjórnvalda er 5% nemendahópsins með innflytjendabakgrunn.




***„Rétt að gefast upp samstundis. Við gætum komist af með þennan sem er með master í kylfufræðum en hinn lítur út fyrir að vera doktor...“***

Stjórnvöld eru með áætlun til ársins 2020 um að þá verði 2 lögreglumenn á hverja 1000 íbúa (eru um 1,4 núna). Mikil naflaskoðun hefur átt sér stað undanfarin tvö ár og lögreglan hefur orðið að skoða gagngert hvert hún ætlar að stefna eftir 22 júlí 2011 er Breivik framdi fjöldamorð í Noregi. Unnar hafa verið framtíðartillögur og mun lögreglumenntun framtíðar taka mið af þeim en eins og kunnugt er þá er norska lögreglan, eins og sú íslenska, óvopnuð, og verður svo áfram en þjálfun lögreglumanna miðar engu að síður að því að efla þann þátt innan lögreglunnar í ljósi atburðanna.

Fram kom að sömu kröfur og þær sem gerðar eru til annarrar æðri menntunar væru gerðar til að komast til náms í PHS en þær eru þessar helstar: 20 ára aldur, norskur ríkisborgari, með almenn ökuréttindi, hreinan sakaferil, ekki komið við sögu lögreglu, standast læknisskoðun og sýna fram á fullnægjandi líkamlegt ástand. Mat valnefndar sem leitar uppi persónulega þætti ræður síðan úrslitum en hún leitar svars við því hvort umsækjandinn uppfylli tiltekna 6 skilgreinda persónulega þætti.

### *Finnland*

Kimmo Himberg, skólastjóri Poliisiammattikorkeakoulu lýsti í erindi sínu þeim breytingum sem orðið hafa á lögreglunámi í Finnlandi og leiða til þessa námið er að breytast úr starfstengdu 2½ árs diplómanámi í krediterað bakkalárnám og síðar mastersgráðu fyrir þá sem sinna tilteknum störfum.

Þessi vegferð hefur tekið nokkurn tíma og er fyrst og fremst komin til vegna ákalls í kjölfar samfélagslegra breytinga. Námið hafi verið gott og í raun mjög gott fyrir þessar breytingar en: „Ástæða þess að verið er að breyta er ekki vegna þess að lögreglan/lögreglumenntunin hafi ekki verið fullnægjandi, heldur vegna þess að lögreglan þarf að fylgja samfélaginu“. Breytingarnar taka gildi árið 2014 og frá þeim tíma hefst lögreglunám formlega á háskólastigi í Finnlandi.

Kimmo lagði áherslu á að einingafjöldinn (ECTS) í núverandi námi væri í raun meiri en metið verður í nýja náminu þannig að kennslumagn og sú menntun sem nemendum gefst kostur á að taka með sér í starfið, er í raun ekki að aukast en inntak menntunarinnar

*Stjórnvöld eru með áætlun til ársins 2020 um að þá verði 2 lögreglumenn á hverja 1000 íbúa (eru um 1,4 núna). Mikil naflaskoðun hefur átt sér stað undanfarin tvö ár og lögreglan hefur orðið að skoða gagngert hvert hún ætlar að stefna eftir 22 júlí 2011 er Breivik framdi fjöldamorð í Noregi.*


SPORTER
RSK RÍKISSKATTSTJÓRI
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
samskip
SECURITAS
66° NORÐUR
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Staki

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Metal ehf,
Suðurhrauni 12b
Móði ehf,
Norðurbakka 13c
Mynstrun ehf,
Herjólfsgötu 20
Pappír hf,
Kaplahrauni 13
Rafhitun ehf,
Kaplahrauni 7a
RB rúm,
Dalshrauni 8
Skerpa
renniverkstæði,
Skútahrauni 9a
Spennubreytar,
Trönuhrauni 5
Tannlæknast. Harðar V
Sigmarssonar sf,
Reykjavíkurvegi 60
Te & Kaffi hf,
Stapahrauni 4
Tor ehf,
fiskvinnsla,
Eyrartröð 13
Trefjar ehf,
Óseyrarbraut 29
Trésmiðjan okkar ehf,
Lyngbergi 19a
Umbúðamiðlun ehf,
Fornubúðum 3
VBS-verkfræðistofa ehf,
Bæjarhrauni 20
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64
Vélaverkstæði
Hjalta Einars ehf,
Melabraut 23-25
Vélrás bifreiða-
og vélaverkstæði,
Álhellu 8
Víking
björgunarbúnaður ehf,
Íshellu 7
www.snati.is,
Lindarbergi 24
Þvottahúsið ehf,
Hraunbrún 40

## Álftanes

Karína ehf,
Hátúni 2

## Reykjanesbær

A. Óskarsson ehf,
Heiðargarði 8
ÁÁ verktakar ehf,
s: 421 6530 & 898 2210,
Fitjabraut 4
Bergnet ehf,
Hafnargötu 36
Bílar og Hjól ehf,
Njarðarbraut 11a
Bílaverkstæði Þóris ehf,
Hafnarbraut 12a
Bílbót ehf,
Bolafæti 3
Brautarnesti,
Hringbraut 93b
Eignamiðlun Suðurnesja,
Hafnargötu 17
Ferðaþjónusta
Reykjaness eh,
Vesturbraut 12
Grímsnes ehf,
Steinási 18
Hár og rósir ehf,
Tjarnabraut 24
Ice Group Ltd,
Iðavöllum 7a
Icelandair Hotel Keflavík,
Hafnargötu 57
Ísfoss ehf,
Hafnargötu 60
Kaffitár,
Stapabraut 7
Klettasteinn ehf,
Iðavöllum 5b
Langbest ehf,
Víkingabraut 771
Málverk slf,
Skólavegi 36
Meindýraeyðing Ómars,
Þórustíg 24
Nettó - Samkaup hf,
Krossmóa 4
Olsen Olsen,
Hafnargötu 17
Plastgerð
Suðurnesja ehf,
Framnesvegi 21
Pulsuvagninn í Keflavík,
Renniverkstæði Jens
Tómassonar,
Fitjabakka 1c
Reykjanesbær,
Tjarnargötu 12
Rétt sprautun ehf,
Smiðjuvöllum 6
Rörvirki sf,
Óðinsvöllum 11
Skilti og merkingar ehf,
Iðavöllum 9a
Skólamatur ehf,
Iðavöllum 1
Slægingarþjónusta Suður-
nesja ehf,
Brekkustíg 22-24
Smur- og
hjólbarðaþjónustan ehf,
Framnesvegur 23
Útfaraþjónusta
Suðurnesja,
Vesturbraut 8
Útisport - Föndurkot ehf,
Hafnargötu 6
Varmamót ehf,
Framnesvegi 19
Verslunarmannafélag
Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14
Verslunin Kóda,
Hafnargötu 15

## Grindavík

Bakaríið Hérastubbur ehf,
Gerðavöllum 19
H.H. Smíði ehf,
Árnastíg 6
Heilladís,
nuddstofa,
Norðurvör 13
HH-rafverktakar ehf,
Staðarhrauni 15
PGV Framtíðarform ehf,
Kirkjustíg 5
Veitingastofan Vör ehf,
Hafnargötu 9
Vélsmiðja Grindavíkur ehf,
Seljabót 3
Vísir hf,
Hafnargötu 16

## Sandgerði

Flugfiskur hf,
Holtsgötu 37
Skinnfiskur ehf,
Hafnargötu 4a
Verk- og
tölvuþjónustan ehf,
Holtsgötu 24

## Garður

Aukin Ökuréttindi ehf,
Ósbraut 5
GSE ehf,
Skálareykjum

## Mosfellsbær

Alefli ehf
byggingaverktakar,
Völuteigi 11
Álafossbúðin,
Álafossvegi 23
Boltís sf,
Barrholti 21
Dalsbú ehf,
Helgadal
Fasteignafélag
Mosfellsbæjar ehf,
Þverholti 2
Ferðaleiðir ehf,
Reykjavegi 60
Fiskbúðin Mos ehf,
Háholti 13-15
Freki ehf,
Brekkutanga 27
Garðagróður ehf,
Reykjum II
Glertækni ehf,
Völuteigi 21
Gylfi Guðjónsson,
ökukennari s: 6960042,
Tröllateigi 20
Hestaleigan Laxnesi,
Laxnesi
Jarðlausnir ehf,
Tröllateigi 6
Kaffihúsið á Álafossi,
Álafossvegi 27
Mosi ehf,
Réttarhvoli 11
Mosraf ehf,
Reykjalundi
Múrefni ehf,
Völuteigi 29a
Pétur ehf,
Hlíðartúni 2
RG lagnir ehf,
Furubyggð 6
Sigurplast ehf,
Völuteigi 17-19
Skum ehf,
Þrastarhöfða 3
Spíssar ehf,
Brekkutanga 21

## Akranes

Akraborg ehf,
Kalmansvöllum 6
Bifreiðastöð Þórðar Þ
Þórðarsonar,
Dalbraut 6
Brautin ehf,
Dalbraut 16
Byr AK-120,
Face snyrtistofa,
Stillholti 16
Fasteignasalan Valfell,
Kirkjubraut 3
Gísli Stefán Jónsson ehf,
Stillholti 7
Runólfur Hallfreðsson ehf,
Álmskógum 1
Skagaverk ehf,
Smiðjuvöllum 22
Skaginn & Þorgeir og Ellert,
Bakkatúni 26
Smurstöð Akraness sf,
Smiðjuvöllum 2
Stapavík ehf,
Jaðarsbraut 25
Sýslumannsembættið á
Akranesi,
Stillholti 16-18
T.S.V. sf,
Beitistöðum
Vélaleiga Halldórs
Sigurðssonar ehf,
Smiðjuvöllum 10
Vélsmiðja Ólafs R
Guðjónssonar ehf,
Smiðjuvöllum 6
Viðar Einarsson
ökukennsla ehf,
Hjarðarholti 4
Vignir G. Jónsson hf,
Smiðjuvöllum 4

## Borgarnes

Bílabær sf,
bifreiðaverkstæði,
Brákarbraut 5
Bókhalds-
og tölvuþjónustan sf,
Böðvarsgötu 11
Dýralæknaþjónusta
Vesturlands ehf,
Þórðargötu 24
Eyja- og Miklaholtshreppur,
Snæfellsnesi
Framköllunarþjónustan ehf,
Brúartorgi 4
Golfklúbbur Borgarness,
Hamri
J G Vélar sf,
vélaleiga,
Lindarholti
Lögfræðistofa Inga
Tryggvasonar,
Borgarbraut 61
Samtök sveitarfélaga í
Vesturlandskjördæmi,
Bjarnarbraut 8
Sigur-garðar sf,
Laufskálum 2
Sæmundur
Sigmundsson ehf,
Brákarbraut 20
Þjónustumiðstöðin
Húsafelli ehf,
Húsafelli 3

## Stykkishólmur

Helgafellssveit,
Birkilundi 43
Rannsóknarnefnd sam-
gönguslysa,
Stykkishólmsflugvelli
Þ.B. Borg trésmiðja ehf,
Silfurgötu 36
Grundarfjörður
Áning,
ferðaþjónusta,
Kverná,
Eyrarsveit

## Ólafsvík

Fiskmarkaður
Íslands hf,
Norðurtanga
Hringhotels
-Hótel Ólafsvík
s: 436 1650,
Ólafsbraut 20



er að breytast. Eftir sem áður eru markmiðin klár: Að búa nemendur undir að sinna lögreglustarfinu með öllu því sem því fylgir og að geta unnið sjálfstætt.

Fram kom að inntökuskilyrðin í lögreglunám eru áþekk og verið hefur en þar eru gerðar sömu kröfur og til annars æðra náms en að auki horft til tiltekinna persónulegra þátta sem telja verður að lögreglumönnum sé nauðsynlegt að hafa þar á meðal að þeir hafi góða dómgreind og jákvæð og góð viðhorf til lífs og starfs auk hefðbundinna skilyrða s.s. ríkisfangs o.s.frv.

Námið verður byggt upp þannig að lögreglumenn framtíðarinnar geti haldið áfram að mennta sig og aukið menntun sína í framhaldsnámi á háskólastigi.

Kimmo sagði frá því að miklar vegalengdir í sumum héruðum Finnlands, einkanlega norður í Lapplandi, gerðu það að verkum að lögreglumenn yrðu að vera búnir undir að takast á við öll þau verkefni sem upp geta komið. Þeir gætu sjaldnast reitt sig á aðstoð frá öðrum lögreglustöðvum en þeirra eigin. Nefndi hann dæmi um slík tilvik í erindi sínu þar sem hundruð kílómetra skilja lögreglumenn að og þeir verða að reiða sig á eigin getu. Í eyrum íslenskra lögreglumanna af landsbyggðinni hljómaði þetta ekki ókunnuglega.

### *Svíþjóð*

Eins og fyrr sagði urðu forföll til þess að ekki fékkst fyrirlestur frá sænska Polishögskolan en rektor skólans uppfræddi greinaskrifara um hvað framundan væri og unnt var að sýna glærur um sænska lögreglumenntun á ráðstefnunni.

Fyrir liggur skv. upplýsingum rektors PHS í Svíþjóð að hlutverk skólans mun breytast á næsta ári vegna pólitískrar ákvörðunar. Skólinn mun ekki annast grunnnám lögreglunema heldur verður henni úthýst til annarra háskóla og er áhugi hjá a.m.k. þremur háskólum (m.a. í Lundi) að bjóða upp á lögreglunám.

Menntun lögreglunema og framhaldsmenntun starfsfólks lögreglunnar hefur verið í PHS í Sörentorp í Svíþjóð en einnig hafa tveir háskólar í Umeå og Växjö boðið upp á grunnmenntun til lögregluprófs. Frá árinu 2002 hefur einnig verið hægt að taka bóklegan hluta af lögreglumenntuninni í fjarnámi. Eftir bóklegt nám hefur tekið við verkleg þjálfun og telst lögreglunámið nú vera 2½ ár.

Skólinn stendur nú á ákveðnum tímamótum því tekin hefur verið um það ákvörðun að bjóða út grunnmenntun lögreglumanna eins og áður segir. Hlutverk PHS verður fyrst og fremst að annast gæðastjórnun og eftirlit með grunnmenntuninni en einnig að halda úti framhaldsmenntun fyrir lögreglumenn og annað starfsfólk lögreglunnar. Í samtali við skólastjóra PHS í Svíþjóð kom fram að hugmyndirnar hefðu ekki enn verið þróaðar til fulls og sagði hún aðspurð að hún gæti ekki lýst í smáatriðum hvernig þetta nýja fyrirkomulag yrði útfært. Það lægi ekki fyrir ennþá. Hins vegar væru verulegar efasemdir um að þetta væri hagkvæmara eða betra fyrirkomulag en það sem er nú.

### *Að lokum:*

Sömu markmið eru með lögreglumenntun á öllum Norðurlöndunum – það kom skýrt fram hjá öllum framsögumönnunum. Kröfur samfélagsins til lögreglunnar breytast jafnt og þétt í samræmi við breyttan tíðaranda og samsetningu þjóðfélagana. Öll löndin, utan Íslands, hafa ákveðið að þeim markmiðum verði ekki mætt nema færa lögreglumenntun á æðra stig. Þetta hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir íslensk stjórnvöld.

*Kimmo sagði frá því að miklar vegalengdir í sumum héruðum Finnlands, einkanlega norður í Lapplandi, gerðu það að verkum að lögreglumenn yrðu að vera búnir undir að takast á við öll þau verkefni sem upp geta komið. Þeir gætu sjaldnast reitt sig á aðstoð frá öðrum lögreglustöðvum en þeirra eigin. Nefndi hann dæmi um slík tilvik í erindi sínu þar sem hundruð kílómetra skilja lögreglumenn að og þeir verða að reiða sig á eigin getu. Í eyrum íslenskra lögreglumanna af landsbyggðinni hljómaði þetta ekki ókunnuglega.*

stapaprent
Prentþjónusta
Sími 421 4388
Netfang stapaprent@simnet.is
STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR
Stykkishólmur
Tapas barinn
TOYOTA
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
VAKA
Veðurstofa Íslands
Veðursíminn: 902 06 00
www.vedur.is
vörður
ÖRYGGISGIRÐINGAR
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

### Hellissandur
Nónvarða ehf,
Bárðarási 6
Skarðsvík ehf,
Munaðarhóli 10

### Búðardalur
Kolur ehf,
vinnuvélar og verktakar,
Vesturbraut 12

### Reykhólahreppur
Reykhólahreppur,
Maríutröð 5a

### Ísafjörður
Akstur og löndun ehf,
Pólgötu 10
Fiskmarkaður Ísafjarðar,
Brautarholti 4
Fræðslumiðstöð Vestfjarða,
Suðurgötu 12
Ísafjarðarbær,
Hafnarstræti 1
Lögreglustjórinn
á Vestfjörðum,
Hafnarstræti 1
Póllinn ehf,
Pollgötu 2

### Bolungarvík
Fiskihóll ehf,
Vitastíg 17
Sérleyfisferðir
Bolungarvík - Ísafjörður,
Völusteinsstræti 22
Sparisjóður Bolungarvíkur,
Aðalstræti 14

### Súðavík
Jón Indíafari,
veitingastaður,
Grundarstræti 1

### Flateyri
Gisting og kajakaleiga
Grænhöfða,
Ólafstúni 7
Sytra ehf,
Ólafstúni 5

### Patreksfjörður
Sýslumaðurinn
á Patreksfirði,
Aðalstræti 92

### Tálknafjörður
Bókhaldsstofan Tálknafirði,
Strandgötu 40
Gistiheimilið
Bjarmalandi ehf,
Bugatúni 8
T.V. Verk ehf,
Strandgötu 37
Þórberg hf,
Strandgötu 25

### Bíldudalur
GSG vörubílaakstur
-trésmíði ehf,
Kríubakka 4

### Þingeyri
Bibbi Jóns ehf,
Brekkugötu 31
Brautin sf,
Vallargötu 8

### Staður
SG verkstæði ehf,
Borðeyri

### Árneshreppur
Hótel Djúpavík ehf,
Árneshreppi

### Hvammstangi
Skjanni ehf,
Brekkugötu 10

### Blönduós
Pöntunar og viðgerðar-
þjónusta Villa ehf,
Árbraut 19
Sýslumaðurinn
á Blönduósi,
Hnjúkabyggð 33

### Skagaströnd
Skagabyggð,
Höfnum

### Sauðárkrókur
Héraðsdómur
Norðurlands vestra,
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag
Skagfirðinga,
Ártorgi 1
K-Tak ehf,
Borgartúni 1
Stoð ehf,
verkfræðistofa,
Aðalgötu 21
Vörumiðlun ehf,
Eyrarvegi 21

### Varmahlíð
Akrahreppur Skagafirði
Ferðaþjónustan Bakkaflöt

### Siglufjörður
Allinn,
sportbar,
Aðalgötu 30
Fjallabyggð,
Gránugötu 24

### Akureyri
AUTO ehf,
bílapartasala,
Setbergi
Ásbyrgi - Flóra ehf,
Frostagötu 2a
Bílapartasalan Austurhlíð
Bílasalan Ós ehf,
Óseyri 5
Blikkrás ehf,
Óseyri 16
Brekkusel-Gistiheimili,
Byggðavegi 97
Bæjarverk ehf,
Rauðumýri 11
Car-X ehf,
Njarðarnesi 8
Eining-Iðja,
Skipagötu 14
Flugkaffi,
Akureyrarflugvelli
Garðyrkjustöðin Brúnalaug,
Brúnalaug
Geimstofan ehf,
auglýsingastofa
og skiltagerð,
Glerárgötu 34b
Hagvís ehf,
heildverslun,
Hvammi 1
HG verktaki ehf,
Höfðahlíð 15
Keahótel ehf,
Hafnarstræti 87-89
Kjarnafæði hf,
Fjölnisgötu 1b
Laugaland,
unglingameðferðarheimili,
Arnarsíðu 7
Litblær ehf,
Stapasíðu 11b
Líkamsræktin Bjarg ehf,
Bugðusíðu 1
Ljósco ehf,
Ásabyggð 7
Lostæti - Akureyri ehf,
Óseyri 3
Lögmannsstofa
Akureyrar ehf,
Hofsbót 4
Malbikun KM ehf,
Þrumutúni 8
Miðstöð ehf,
Draupnisgötu 3g
Rafmenn ehf,
Frostagötu 6c
Raftákn ehf,
Glerárgötu 34
RKARASTOFA
OG HÁRSTOFAN
Kaupangi,
Mýrarvegi
Samvirkni ehf,
Hafnarstræti 97
Sjómannablaðið
Víkingur,
Byggðavegi 101b
Sjúkrahúsið á Akureyri,
Eyrarlandsvegi
Sólbaðstofan Stjörnusól,
Geislagötu 12
Útrás hf,
Fjölnisgötu 3b
Þrif og ræstivörur ehf,
Frostagötu 4c

### Grenivík
Sparisjóður Höfðhverfinga,
Ægissíðu 7

### Dalvík
Bruggsmiðjan ehf,
Öldugötu 22
Híbýlamálun,
málningarþjónusta ehf,
Reynihólum 4
Klaufi ehf,
Klaufabrekkum
Kussungur ehf,
Ásvegi 3

### Hrísey
Einangrunarstöðin
Hrísey Hvatastöðum,
Austurvegi 8

### Húsavík
Bílaþjónustan ehf,
Garðarsbraut 52
Gentle Giants
-Hvalaferðir ehf,
Túngötu 6
Gistiheimilið Kiðagil
Bárðardal,
Svartárkoti
Hóll ehf,
vinnuvélar og verktakar,
Höfða 11
Norðursigling ehf,
Hafnarstétt 9
Sorpsamlag Þingeyinga ehf,
Víðimóum 3
Sýslumaðurinn á Húsavík,
Útgarði 1
Vermir sf,
Höfða 24a
Vélaverkstæðið Árteigi

### Mývatn
Dimmuborgir guesthouse,
Geiteyjarströnd 1
Eldá ehf,
Helluhrauni 15
Þórshöfn
B.J. vinnuvélar ehf,
Hálsvegi 4
Geir ehf,
Sunnuvegi 3

### Vopnafjörður
Vopnafjarðarhreppur,
Hamrahlíð 15

### Egilsstaðir
Bílaboginn ehf-Bílafell,
Smiðjuseli 5
Bókráð,bókhald
og ráðgjöf ehf,
Miðvangi 2-4
Ferðaskrifstofa
Austurlands,
Miðvangi 1
G.Ármannsson ehf,
Ártröð 12
Gistihúsið Egilsstöðum
Hitaveita Egilsstaða
og Fella ehf,
Einhleypingi 1
PV-pípulagnir ehf,
Lagarbraut 4
Rafey ehf,
Miðási 11
Skrifstofuþjónusta
Austurlands ehf,
Fagradalsbraut 11
Vaðall ehf,
Skjöldólfsstöðum

### Seyðisfjörður
Austfar ehf,
Fjarðargötu 8




# Landsmót í skotfimi 2013



**Landsmót ÍSL í skotfimi fór fram í maí sl. Að venju var keppt í þrem greinum, loftbyssu, opnum flokki og Glock. 16 lögreglumenn mættu til keppni og kepptu flestir þeirra í fleirri en einni grein. Keppni í opna flokknum og loftbyssunni fór fram í aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Egillshöll en Glock keppnin í aðstöðu Skotfélags Kópavogs í Digranesi.**

Keppendur voru 10 í loftbyssu, sjö karlar og þrjár konur. Jónas Hafsteinsson sigraði nokkuð örugglega í karlaflokki með 543 stig. Í öðru sæti varð Jón S. Ólason með 530 stig og Eiríkur Óskar Jónsson í því þriðja með 523 stig. Kristína Sigurðardóttir sigraði kvennaflokkinn með yfirburðaskori 362 stig og í öðru varð Laufey Gísladótir með 328 stig og í því þriðja Ingibjörg Ásgeirsdóttir með 326 stig

8 keppendur mættu ti leiks í opnum flokki, sex karlar og tvær konur. Þar sigraði Eiríkur Óskar Jónsson í karlaflokki með 536 stig. Ómar Jónsson endaði í öðru sæti og Ólafur Egilsson í því þriðja. Kristína Sigurðardóttir sigraði kvennaflokkinn með 544 stig sem var hæsta skor keppninnar og Laufey náði 383 stigum.

Glock keppni var að venju stærst og voru keppendur 15. Fóru úrslit þannig að Sigfús Benóný Harðarson og Eggert Magnússon voru jafnir og efstir með 241 stig. Skv keppnisreglum er talið úr „innri fimmum" þegar þessi staða kemur upp og reyndist Sigfús vera með 20 innri fimmur og Eggert með 17. Sigfús var því sigurvegari keppninnar og Eggert í öðru sæti. Bjarni H. Sigursteinsson var svo í þriðja sæti með 236 stig. Þess má geta að þessi óvenjulega staða, þ.e. að tveir efstu menn voru jafnir, kom líka upp á mótinu 2012.

Heldur var þáttaka kvenna rýr þetta árið í Glock keppninni en Kristína mætti ein til leiks og kláraði á 227 stigum.

Sveitakeppni í Glock fór á þann veg að í fyrsta sæti varð sveit RLS skipuð Loga Jes Kristjánssyni, Bjarna H. Sigursteinssyni og Sigfúsi Benóný Harðarsyni með samtals 699 stig. Í öðru sæti varð sveit Suðurnesja skipuð Kristínu Sigurðardóttur, Ólafi Örvar Ólafssyni og Sölva Rafni Rafnssyni með 676 stig og í því þriðja blönduð sveit skipuð Ólafi Egilssyni, Ómari Jónssyni og Jóni S. Ólasyni með 633 stig.

Í framhaldi af mótinu í vor var svo valinn hópur til keppni á norðurlandamóti lögreglumanna sem fram fer í árósum í Danmörku dagana 19 – 23 september. Í hópinn voru valin: Kristína Sigurðardóttir, Laufey Gísladóttir, Eiríkur Óskar Jónsson, Jónas Hafsteinsson og Jón S. Ólason.

*Jón S. Ólason*
*skotnefnd ÍSL*



*Þrír efstu í Glock. Frá vinstri: Eggert Magnússon RLS, Sigfús B. Harðarson RLS og Bjarni Sigursteinsson RLS ásamt Jóni S. Ólasyni mótsstjóra.*



*Kristína Sigurðardóttir var sigursæl að vanda.*



*Borgnesingarnir Kristján Ingi Hjörvarsson og Ómar Jónsson fylgjast með framvindunni.*



*Fylgst með Glock – keppni, frá vinstri: Logi Jes Kristjánsson, Friðrik K. Jónsson, Kristína Sigurðardóttir og Eggert Magnússon.*

# Landsmót lögreglumanna *í golfi 2013*

**Landsmót lögreglumanna var að þessu sinni haldið af Íþróttafélagi lögreglunnar á Akureyri (ÍLA) sem starfar innan vébanda Lögreglunnar í Eyjafirði (LFE). Mótið var haldið þann 31. júlí á golfvellinum Jaðri við Akureyri.**

Undirbúningur fyrir mótið fór snemma af stað en stefnt var að því að ná sem mestum fjölda lögreglumanna á mótið ásamt mökum þeirra. Því markmiði var reyndar ekki náð nema að litlu leyti en ekki mættu fleiri en 19 lögreglumenn til leiks og 6 gestir þannig að samtals spiluðu alls 25 aðilar í mótinu.

Að móti loknu var hefðbundin verðlaunaafhending ásamt því að dregið var úr skorkortum þannig að flestir fóru heim með verðlaun.

Keppt var í fyrsta sinn eftir breyttum reglum ÍSL um flokkaskiptingu sem er þannig:

**A flokki**
að 9,9 höggleikur með og án forgjafar.

**B flokki**
10,0 – 18,4 með forgjöf, punktakeppni.

**C flokki**
18,5 – 27,4 með forgjöf, punktakeppni.

**D flokki**
27,5 - 36 með forgjöf, punktakeppni

**Öldungaflokki**
50 ára og eldri, punktakeppni.

Flokki Heldrimanna
65 ára og eldri, punktakeppni
(Miðað er við fæðingarár)

**Sveitakeppni**
3 bestu telja af þeim sem hefja leik á gulum teigum.
Leikið er af gulum teigum í A, B, C og Öldungaflokki en af rauðum teigum í D flokki og flokki Heldrimanna.

***Úrslit í mótinu urðu þessi:***

**A flokkur án forgjafar.**
**1. sæti,** Sigurbjörn Þorgeirsson, LFE, á 78 höggum.
**2. sæti,** Hörður Sigurðsson LRH, á 83 höggum.
**3. sæti,** Marinó Már Magnússon, LS, á 84 höggum.

**A flokkur með forgjöf.**
**1. sæti,** Birgir Már Vigfússon, RLS, á 88 höggum.
**2. sæti,** Róbert Þór Guðmundsson, LRH, á 91 höggum.
**3. sæti,** Jóhannes S. Harðarson, LS, á 96 höggum.
Alls kepptu 10 golfarar í A flokki, þar af 2 gestir.



*A – flokkur án forgjafar, frá vinstri Hörður Sigurðsson, Sigurbjörn Þorgeirsson og Marinó Már Magnússon.*



*Öldungaflokkur frá vinstri Gísli Þorsteinsson, Ragnar Kristjánsson og Oddur Ólafsson Kári Erlingsson, ræsir mótsins.*



*Kári Erlingsson, ræsir mótsins.*



*D flokkur Hermann Karlsson.*



**B flokkur punktakeppni.**
**1. sæti,** Valur Magnússon, LFE, 30p
**2. sæti,** Sveinn Ægir Árnason, LRH, 30p
Ekki voru fleiri en 3 golfarar í þessum flokki og þar af 1 gestur en þessi flokkur hefur verið einna fjölmennastur í gegnum tíðina.

**C flokkur punktakeppni**
**1. sæti,** Ólafur Hjörtur Ólafsson, LFE, 30p.
**2. sæti,** Skúli Berg, LV, 24p.
**3. sæti.** Sigurður U Sigurðsson, LFE, 21p.
Alls voru 5 golfarar í þessum flokki og þar af 1 gestur.

**D flokkur punktakeppni**
**1. sæti,** Hermann Karlsson, LFE, 15p.
Alls voru 2 golfarar í þessum flokki og þar af 1 gestur.

**Öldungaflokkur punktakeppni**
1. sæti, Ragnar Kristjánsson, LFE, 31p
2. sæti, Oddur Ólafsson, LRH, 29p
3. sæti Gísli I Þorsteinsson, LRH, 22p
Alls voru 5 golfarar í þessum flokki.

**Heldri manna flokkur, punktakeppni**
Enginn þátttakandi var í þessum flokki.

**Sveitakeppni**
1. sæti, sveit LFE, skipuð Sigurbirni Þorgeirssyni, Vali Magnússyni og Ólafi Hirti Ólafssyni, alls 273 högg
2. sæti, sveit LRH, skipuð Herði Sigurðssyni, Róberti Þór Guðmundssyni og Oddi Ólafssyni, alls 275 högg
3. sæti, sveit RLS, skipuð Birgi Má Vigfússyni, Sveini Ægi Árnasyni og Óskari H. Þórmundsssyni, alls 276 högg

**Gestaflokkur**
**1. sæti,** Arinbjörn Kúld, GA, 36p
**2. sæti,** Otto Axel Bjartmarz, GO, 28p
**3. sæti,** Kristín Björnsdóttir, GA, 24p.
Alls voru 6 golfarar í gestaflokki og er þeim sérstaklega þökkuð þeirra þátttaka í mótinu.

Íþróttafélag lögreglunnar á Akureyri (ÍLA) vil þakka keppendum fyrir komuna á mótið og góðar þakkir fá GA, Golfklúbbur Akureyrar, fyrir hjálp þeirra við undirbúning og framkvæmd mótsins. Þá ber að þakka sérstaklega Sýslumanninum á Akureyri, Kjarnafæði, Ásbirgi heildverslun og Volcanic, fyrir framlag þeirra til teiggjafa og úrdráttarverðlauna.

*Með golfkveðju,*
*Fh. ÍLA*
*Valur Magnússon,*



*C flokkur frá vinstri, Sigurður U. Sigurðsson, Ólafur Hjörtur Ólafsson og Skúli Berg.*



*B flokkur frá vinstri, Valur Magnússon og Sveinn Ægir Árnason.*



*Sveit RLS frá vinstri Sveinn Ægir Árnason, Birgir Már Vigfússon og Óskar H. Þórmundsson.*



*Sveit LRH frá vinstri Hörður Sigurðsson, Oddur Ólafsson og Róbert Þór Guðmundsson.*



*Sigursveit LFE frá vinstri, Valur Magnússon, Sigurbjörn Þorgeirsson og Ólafur Hjörtur Ólafsson.*



*Mótshaldarar frá vinstri, Valur Magnússon, Ragnar Kristjánsson og Kári Erlingsson.*



# Norðurlandamót lögreglumanna *í handknattleik 2013*

*Að þessu sinni fór NPM lögreglumanna í handbolta fram í Larvik í Noregi dagana 21. – 24. maí*

**Það lá fyrir að einungis tækju lið frá þremur löndum ( Danmörku, Íslandi og Noregi ) þátt í mótinu núna, eins og á Íslandi 2009. Svíar hafa dregið sig tímabundið út úr þátttöku í norrænum íþróttamótum og Finnar hafa aðeins tvisvar sinnum á seinni árum sent handboltalið til keppni, en þeir sendu kvennalið til leiks í bókamótum (Norræn Sakamál) árin 2000 og 2004.**

Stjórn ÍSL ákvað að senda tvö lið í mótið að þessu sinni, þ.e. bæði karla- og kvennalið. Valgarður Valgarðsson var fenginn til að þjálfa karlaliðið og var Birgir S. Jóhannsson honum til aðstoðar. Árni Friðleifsson var fenginn til að sjá um þjálfun á kvennaliðinu og var Jóhann Karl Þórisson honum innan handar í því.

Ákveðið var að hvort lið færi út með 12 leikmenn og var það gert í sparnaðarskyni að hafa þá ekki fleiri enda er orðinn mikill kostnaður að senda lið í keppnina. Gestalið þurfa t.d. að greiða 30 evrur pr. mann pr. dag. Karlaliðið var reyndar með 13 leikmenn þegar upp var staðið því Árni Friðleifsson var bæði sem leikmaður og þjálfari í ferðinni.

Kvennaliðið byrjaði að æfa snemma um veturinn en fimmtudaginn 4. apríl var fyrsta æfing karlaliðsins. Æfingarnar hjá liðunum fóru fram í Víkinni í Fossvogi og í Framheimilinu í Safamýri, tvisvar í viku hjá hvoru liði.

Mætingin á fyrstu æfingu karlaliðsins var bara nokkuð góð, eða 12 manns. Síðan átti eftir að fjölga á æfingunum fram að því að liðið var valið, eða í byrjun maí, en eftir það mættu aðeins þeir sem skipuðu hópinn sem fór út.

Mjög góð mæting var í heildina hjá körlunum, en alls létu 26 menn sjá sig á æfingunum. Flestir komu af Höfuðborgarsvæðinu ( LRH, RLS og Sérstökum saksóknara ) en einnig frá Blönduósi, Húsavík og Vestmannaeyjum. Sumir mættu sjaldan, margir mjög vel og nokkrir voru með 100% mætingu. Mesti fjöldi á einni æfingu var 20 manns og minnsti fjöldi 12 manns, en algengur fjöldi á æfingum var á bilinu 16 – 18 manns.

Hjá konunum var þokkaleg mæting yfir tímabilið. Flestar komu þær frá LRH og Sérstökum saksóknara en einnig frá Akureyri og Sauðárkróki. Kvennaliðið fór í góða æfingaferð norður á Akureyri fyrir mótið.

Karlaliðið lék tvo æfingaleiki í vikunni fyrir mótið. Fyrst var leikið við utandeildarlið Víkings og síðan við 3ja flokk Gróttu. Okkur gekk vel í báðum leikjunum, sá fyrri vannst stórt en sá síðari tapaðist naumlega. Í þeim leik meiddust reyndar þrír leikmenn. Þeir höfðu jafnað sig þokkalega fyrir mótið, allir þrír.

Framundan var strembið prógram, en það lá fyrir að ÍSL þurfti að leika tvo leiki sama daginn (þ.e. fyrri leikdaginn af tveimur).

Það var glaðbeittur 29 manna hópur á vegum ÍSL sem flaug út til Noregs með Icelandair snemma morguns þriðjudaginn 21. maí og lenti þar í hádeginu að staðartíma.

Eftirtalin skipuðu hópinn: Fararstjóri Óskar Bjartmarz, Seyðisfirði. Þjálfarar: Valgarður Valgarðsson og Árni Friðleifsson LRH. Liðsstjórar: Birgir S. Jóhannsson, RLS og Jóhann Karl Þórisson, LRH. Leikmenn, Frá LRH: Andri Fannar Helgason, Árni Friðleifsson, Ásbjörn Stefánsson, Grétar Stefánsson, Halldór Jóhann Sigfússon, Jens Gunnarsson, Sigurjón Þórðarson, Þórir Rúnar Geirsson, Anita Rut Harðardóttir, Hafdís Björk Albertsdóttir, Jóhanna S. Steingrímsdóttir, Kolbrún Björg Jónsdóttir, Tinna Rut Traustadóttir og Þórgunnur Þórðardóttir. Frá Sérstökum saksóknara: Hinrik Pálsson, Kjartan Ægir Kristinsson, Stefán Örn Arnarson, Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir, Arnþrúður María Felixdóttir, Guðrún Árnadóttir og Helga Margrét Gunnarsdóttir. Frá RLS: Birgir Hilmarsson. Frá Vestmannaeyjum: Davíð Þór Óskarsson. Frá Sauðárkróki: Guðrún Helga Tryggvadóttir. Frá Akureyri: Þóra Reyn Rögnvaldsdóttir.

Óþarfa 45 mín. töf var síðan á Gardermoen flugvelli eftir rútunni, sem flutti okkur þaðan til Larvik. Rútuferðin á áfangastað tók síðan um tvo og hálfan tíma.

Við höfðum stuttan tíma til að koma okkur fyrir á hótelinu, Quality Hotell Grand Farris, ágætt hótel og staðsetning, því við þurftum að vera mætt á æfingu kl. 17:00 – bæði liðin.

Æfingin fór fram í Arena, sem er nýleg, stór og flott íþróttahöll. Á æfingunni meiddist Ásbjörn á ökkla.

Það var síðan vaknað snemma daginn eftir, þ.e. miðvikudaginn 22. maí, og farið í morgunmat enda átti fyrsti leikurinn ( Ísland / Noregur - konur ) að hefjast kl. 10:00 ( kl. 08:00 á ísl. tíma ). Setning mótsins var kl. 09:00 í íþróttahúsinu Bergslihallen, en þar fór mótið fram. Setningin var með hefðbundnum hætti og síðan var upphitun. Það var vitað að framundan væru mjög erfiðir leikir fyrir kvennalið ÍSL enda báðir mótherjarnir með sterk lið.

Kl. 10:00 hófst leikur Noregs og Íslands. Byrjunarlið ÍSL: Þóra í markinu. Útileikmenn: Arnfríður, Arnþrúður, Guðrún Helga, Hafdís, Jóhanna og Þórgunnur. Á bekknum voru Aníta Rut, Guðrún Árnad, Helga Margrét, Kolbrún og Tinna. Þær komu allar inn á síðar í leiknum. Staðan í hálfleik var 23 – 5 fyrir þær norsku. Byrjunarliðið í seinni hálfleik: Guðrún Árnad, í markinu. Útileikmenn: Guðrún Helga, Hafdís, Helga Margrét, Jóhanna, Tinna og Þórgunnur. Leikurinn tapaðist 34 – 11. Mörk okkar skoruðu: Þórgunnur 5, Guðrún Helga 3, Gígja 2 og Jóhanna 1. Fyrirliði var Hafdís Björk Albertsdóttir.

Kl. 12:00 hófst leikur Íslands og Noregs hjá körlum. Byrjunarliðið ÍSL: Sigurjón í markinu. Útileikmenn: Árni, Ásbjörn, Grétar, Halldór, Jens og Kjartan. Á bekknum voru Andri, Birgir, Davíð, Hinrik, Stefán Örn og Þórir Rúnar. Leikurinn var mjög jafn og spennandi. Lið ÍSL var yfir lengstum í leiknum og í hálfleik var staðan 12 – 10 fyrir ÍSL. Byrjunarliðið í seinni hálfleik var það sama og hóf leikinn. Þegar líða tók á seinni hálfleik komust Norðmenn hins vegar yfir. ÍSL náði aftur forystunni í lokin en tókst ekki að halda henni því Norðmenn skoruðu jöfnunar-mark, 26 – 26, úr vítakasti í leikslok. Þeir fengu vítið í blálokin er Kjartan braut klaufalega á mótherja í h-horninu. Við brotið fékk Kjartan beint rautt spjald hjá dómurunum og var því útilokaður frá þátttöku í síðari leiknum, þ.e. á móti Dönum. Mörk okkar skoruðu: Halldór 8, Ásbjörn 5, Grétar, Jens og Kjartan 3 hver, Árni og Davíð 2 hvor. Þeir Andri, Stefán Örn og Þórir Rúnar komu ekkert við sögu í leiknum. Fyrirliði var Halldór Jóhann Sigfússon.

Kl. 14:00 hófst síðari leikur kvennaliðsins. Danmörk – Ísland. Byrjunarliðið var eftirfarandi: Þóra í markinu. Útileikmenn: Aníta Rut, Arnþrúður, Guðrún Helga, Hafdís, Tinna Rut og Þórgunnur. Á bekknum voru Arnfríður, Guðrún Árnad, Helga Margrét, Jóhanna og Kolbrún. Þær komu allar inn á síðar í leiknum. Staðan í hálfleik var 21 – 4 fyrir þær dönsku. Byrjunarliðið í seinni hálfleik var það sama og í byrjun leiks. Lokatölur urðu 37 – 10. Mörk okkar skoruðu: Guðrún Helga og Þórgunnur báðar með 5. Hafdís Björk var fyrirliði.

Kl. 16:00 hófst síðari leikur karlaliðs ÍSL, sem var einnig á móti Dönum. Byrjunarliðið var eftirfarandi: Sigurjón í markinu. Útileikmenn: Árni, Ásbjörn, Grétar, Halldór, Hinrik og Jens. Á bekknum voru Andri, Birgir, Davíð, Stefán Örn og Þórir Rúnar. Kjartan var í banni. Okkur gekk ágætlega í fyrri hálfleik, en Danir voru þó yfir í hálfleik 12-10. Byrjunarliðið í seinni hálfleik var það sama og hóf leikinn. Í síðari hálfleik „hrundi" leikurinn hjá okkur enda menn bæði þreyttir og gömul meiðsli fóru að segja til sín. Jens meiddist síðan á þumalfingri h-handar í leiknum og þurfti að fara á slysadeild en óttast var að fingurinn væri brotinn eða farinn úr lið ( reyndist ekki vera brotinn samkv. myndatöku ). ÍSL tapaði leiknum 27-20. Mörk okkar skoruðu: Ásbjörn 7, Halldór 5, Hinrik 3, Birgir og Davíð 2 hvor og Jens 1. Allir leikmenn liðsins komu við sögu í leiknum. Halldór Jóhann var fyrirliði.

Fimmtudaginn 23. maí kepptu síðan Noregur og Danmörk, konurnar kl. 10:00 og karlarnir kl. 12:00. Norska kvennaliðið vann það danska með yfirburðum og varð því Norðurlandameistari. Í karlaleiknum snérist dæmið við. Þann leik unnu Danir með níu marka mun og urðu Norðurlandameistarar. Þessi markamunur í leik Dana og Norðmanna varð til þess að karlalið ÍSL lenti í öðru sæti á hagstæðara markahlutfalli og Norðmenn í því þriðja.

Síðdegis þennan dag var svo komið að því að busa nýliðana hjá ÍSL. Að þessu sinni voru 10 nýliðar vígðir inn hjá ÍSL., 4 karlar og 6 konur. Þetta gekk vel fyrir sig þótt flestir nýliðanna hafi eflaust verið með smá ónot í maganum yfir því sem framundan var.

Um kvöldið var síðan lokahóf, sem var haldið á hótelinu. Þar var borðað, drukkið, verðlaun




***Aftari röð frá vinstri:** Árni Friðleifsson LRH, Birgir Hilmarsson RLS, Jens Gunnarsson LRH, Sigurjón Þórðarson LRH, Kjartan Ægir Kjartansson SS , Þórir Rúnar Geirsson (Dúni) LRH og Davíð Þór Óskarsson Vestmannaeyjum. **Fremri röð frá vinstri:** Ásbjörn Stefánsson LRH, Hinrik Pálsson SS, Halldór Jóhann Sigfússon LRH, Andri Fannar Helgason LRH, Stefán Örn Arnarson SS og Grétar Stefánsson LRH.*



*Aftari röð frá vinstri: Aníta Rut Harðardóttir LRH , Kolbrún Björg Jónsdóttir LRH, Jóhanna S. Steingrímsdóttir LRH, Þórgunnur Þórðardóttir LRH, Hafdís Björk Albertsdóttir LRH, Guðrún Árnadóttir SS, og Arnþrúður María Felixdóttir SS. Fremri röð frá vinstri: Helga Margrét Gunnarsdóttir SS , Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir SS, Þóra Reyn Rögnvaldsdóttir Aureyri, Tinna Rut Traustadóttir LRH , Guðrún Helga Tryggvadóttir Sauðárkróki.*

afhent o.s.frv. Áður en veislan hófst hélt Andri Fannar uppi stuðinu með gítarspili og söng. Mikil stemning myndaðist á 2. hæð hótelsins áður en haldið var í veislusalinn.

Um hádegið föstudaginn 24. maí var síðan haldið áleiðis heim á leið. Farið var með rútu til Oslóar (hún bilaði reyndar fljótlega þannig að önnur þurfti að koma í staðinn) þar sem farangurinn var settur í geymslu á aðalbrautarstöðinni. Deginum var síðan eytt í Osló með ýmsu móti í góðu veðri því heimflugið með Icelandair var um kvöldið (seinkun varð síðan á brottför til rúmlega hálf tvö um nóttina, sem var látið vita af tímanlega).

Aðstaðan sem boðið var upp á í Larvik var mjög góð. Það var gist á góðu hóteli, maturinn var mjög góður og íþróttahúsin góð. Leikmönnum ÍSL var ekið á milli staða í lítilli rútu (fengum einnig far með Dönum eins og oft áður, en þeir komu með rútu yfir til Noregs).

Að lokum vil ég f.h. ÍSL þakka öllum þeim sem sem tóku þátt í þessari ferð.

***Óskar Bjartmarz***
***formaður.***

## Mótalisti: 2013 - 2014

| | Umsjón/mótsstaður | Dags. |
|---|---|---|
| ***Landsmót:*** | | |
| Öldungamót í innanhússknattspyrnu | Akureyri | Október |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | Maí |
| Golf | Suðurnes | Júlí |
| Öldungamót í innanhússknattspyrnu | | Október |
| ***Norðurlandamót:*** | | |
| Ekkert mót á árinu | | |
| ***Evrópumót:*** | | |
| Handbolti – kvenna | Holland | 09. – 14. mars |
| Knattspyrna - karla | Tékkland | 23. – 30. júní |
| Þríþraut | Þýskaland | 08. – 11. ágúst |
| Víðavangshlaup | Rússland? | |






# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Brimberg ehf,
Hafnargötu 47
Seyðisfjarðarkaupstaður,
Hafnargötu 44
Sýslumaðurinn
á Seyðisfirði,
Bjólfsgötu 7

**Borgarfjörður eystri**

Álfacafé,
Vörðubrún

**Reyðarfjörður**

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi,
Stekkjarbrekku 8
Tærgesen,
veitinga- og gistihús
Þvottabjörn ehf,
Búðareyri 25

**Eskifjörður**

Egersund Ísland ehf,
Hafnargötu 2
Ferðaþjónustan Mjóeyri,
Strandgötu 120
Fjarðaþrif ehf,
Strandgötu 46c
R.H. gröfur ehf,
Helgafelli 9
Rafmagnsverkstæði
Andrésar ehf,
Fífubarði 10

**Neskaupstaður**

Fjarðahótel,
Egilsbraut 1
Síldarvinnslan hf, útgerð,
Hafnarbraut 6
Trölli ehf, gisting,
Hafnarbraut 50

**Fáskrúðsfjörður**

Loðnuvinnslan hf,
Skólavegi 59
Vöggur ehf,
Grímseyri 11

**Stöðvarfjörður**

Ástrós ehf,
Fjarðarbraut 44

**Breiðdalsvík**

Dýralæknirinn
á Breiðdalsvík,
Ásvegi 31

**Höfn í Hornafirði**

Bókhaldsstofan ehf,
Krosseyjarvegi 17
Ferðaþjónustan Gerði,
Suðursveit
Funi ehf, sorphreinsun,
Ártúni
Hornabrauð ehf,
Litlubrú 1
Ís og ævintýri ehf,
Vagnsstöðum
Jaspis ehf - hársnyrtistofa,
Litlubrú 1
Jökulsárlón ehf
Nóna ehf,
Krossey
Rósaberg ehf,
Háhóli
Skinney-Þinganes hf,
Krossey
Vélsmiðjan Foss ehf,
Ófeigstanga 15
Þrastarhóll ehf,
Kirkjubraut 10

**Selfoss**

Árvirkinn ehf,
Eyravegi 32
Baldvin og Þorvaldur ehf,
Austurvegi 56
Bifreiðaverkstæðið
Klettur ehf,
Hrísmýri 3
Bílaþjónusta Péturs ehf,
Vallholti 17
Bjarnabúð,
Brautarhóli
Brandugla slf,
þýðingar,
Erlurima 8
Búhnykkur sf,
Stóru-Sandvík
Búnaðarfélag
Grafningshrepps,
Villingavatni
Fasteignasalan Árborgir ehf,
Austurvegi 6
Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi,
Austurvegi 38
Flóahreppur,
Þingborg
Formax-Paralamp ehf,
Gegnishólaparti
Framsóknarfélag
Árnessýslu,
Björnskoti,
Skeiðum
Héraðsdómur
Suðurlands,
Austurvegi 4

JÁ pípulagnir ehf,
Suðurgötu 2
Jálkur ehf,
Önundarholti
Jeppasmiðjan ehf,
Ljónsstöðum
Pípulagnir Helga ehf,
Gagnheiði 11
Rafmagnsverkstæði
Jens og Róberts ehf,
Laugarási
Sigurður Ágúst ehf,
Tröllhólum 3
Sveitarfélagið Árborg,
Austurvegi 2
Sýslumaðurinn
á Selfossi,
Hörðuvöllum 1
Verslunin Borg,
Minni-Borg
Vélaverkstæði Þóris ehf,
Austurvegi 69
Þjóðgarðurinn Þingvöllum,
Þingvöllum

**Hveragerði**

Ficus ehf,
Bröttuhlíð 2
Jón Þórisson ehf,
Kambahrauni 50
Kjörís ehf,
Austurmörk 15
Sport-Tæki ehf,
Austurmörk 4

**Þorlákshöfn**

Fiskmark ehf,
Hafnarskeiði 21
Frostfiskur ehf,
Hafnarskeiði 6
Hreingerningarþjónusta
Suðurlands ehf,
Klébergi 13
Járnkarlinn ehf,
Unubakka 12
Landsbanki Íslands,
Hafnarbergi 1

**Ölfus**

Dýralæknaþjónusta
Suðurlands,
Stuðlum
Eldhestar ehf,
Völlum
Garpar ehf,
Reykjakoti 2
Gljúfurbústaðir ehf,
Gljúfri

**Flúðir**

Flúðafiskur,
Borgarási
Kaffi-Sel ehf,
Efra-Seli

**Hella**

Ásahreppur,
Laugalandi
Bílaverkstæðið
Rauðalæk ehf,
Lækjarbraut 4
Freyðing ehf,
Fagurhóli
Hestvit ehf,
Árbakka
Kanslarinn
veitingahús,
Dynskálum 10
Pakkhúsið
Hellu ehf,
Suðurlandsvegi 4
Trésmiðjan Ingólfs ehf,
Freyvangi 16
Þvottahúsið Rauðalæk ehf,
Rauðalæk

**Hvolsvöllur**

Eyrarbúið ehf,
Þorvaldseyri
Ferðaþjónusta bænda
Stóru-Mörk,
Stóru-Mörk 3
Hellishólar ehf,
Hellishólum

Sýslumaðurinn
á Hvolsvelli,
Austurvegi 6

**Vík**

Gisting Görðum,
Görðum

**Kirkjubæjarklaustur**

Ferðaþjónustan
Efri-Vík ehf,
Efri-Vík
Icelandair Hótel
Klaustur,
Klausturvegi 6

**Vestmannaeyjar**

Alþrif í Vestmannaeyjum,
Strembugötu 12
Bílaverkstæði Sigurjóns,
Flötum 20
Café María,
Skólavegi 1
Eyjavík ehf,
Vestmannabraut 23
Frár ehf,
Hásteinsvegi 49
Hótel Vestmannaeyjar ehf,
Vestmannabraut 28
Ísfélag Vestmannaeyja hf,
Strandvegi 28
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja,
Skólavegi 2
Miðstöðin ehf,
Strandvegi 30
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum,
Heiðarvegi 15
Vestmannaeyjahöfn,
Básaskersbryggju
Vöruval ehf,
Vesturvegi 18

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
SAMSÝN




Velkomin til okkar að Engjateigi 11, við tökum vel á móti þér.

**Hefur þú skoðað vefsíðu LSR?**
Þar getur þú sótt upplýsingar með rafrænum hætti.

LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is